

LÖGREGLUMÆÐURINN



- Starfsumhverfi lögreglu
- LL og áfallið
- Áfallastreita og starfsprot



3/2005

Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

REYKJAVÍK

Altex ehf (Margaretha), Kringlunni 7
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins,
Stuðlahálsi 2
Bífreiðabyggingar sf., Ármúla 34
Bífreiðastjórnfélagið Frami, Fellsmúla 24-26
Bilaberg sf, Tangarhöfða 6
Bilfang ehf, Malarhöfða 2
Blue Cargo, Héðinsgötu 1-3
Borgarnesti ehf, Grjóthálsi 8
Carpe diem, Rauðarárstíg 18
Cyrus ehf., Grandavegi 45
Dagskráin, Laugavegi 7
Davíð S. Jónsson & Co. ehf., Skútuvogi 13a
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, Arnarhvoll
Dreifing - Borgarhella, Vatnagörðum 8
Dyndandi ehf., Skeifunni 3h
E.T. Einar og Tryggvi ehf., Klettagörðum 11
Ecco á Íslandi, Guðríðarstíg 6-8
Efling stéttarfélag, Sættúni 1
Efnalaugin Glitra, Rauðarárstíg 33
Efnalaugin Úðafoss sf., Vitastíg 13
Egilsöll, Fossaleyni 1
Esjuskálinn, Búagrund 3
Fasteignafélagið Stoðir hf., Kringlunni 8-12
Faxaflóahafnir, Tryggvagötu 17
Ferð sf., Steinaselí 6
Ferskar kjötvörur hf., Síðumúla 34
Félagsbústaðir hf., Hallveigastíg 1
Framsóknarflokkurinn, Hverfisgötu 33
G.G. Gunnar Guðmundsson hf., Dugguvogi 2
Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14
Gjögur hf., Kringlunni 7
Glaumbar ehf., Tryggvagötu 20
Góðar - lausnir hf., Fitjar
Grant Thornton endurskoðun,
Suðurlandsbraut 20
Guðmundur Jónsson ehf., Borgartúni 34
Harley Davidson Íslandi ehf., Grensásvegi 16
Hekla hf., Laugavegi 170-174
Héraðsdómur Reykjavíkur, Dómshúsínu
v/Lækjartorg
Hjólbarðaverkstæði Sigurjóns, Hátúni 2a
Hlað sf., Bíldshöfða 12
Hrafnista D.A.S., Laugarási
Húsaklæðning ehf., Kaplaskjólsvégi 93
Iceland excursion - Allrahanda ehf.,
Höfðatúni 12
IKEA - Miklatorg hf., Holtagarðar
Innheimustofnun sveitarfélaga,
"Lágmúla 9, 2.hæð"
Internet á Íslandi hf. - ISNIC, Dunhaga 5
Ísbúðin Fákafeni, Fákafeni 9
JP Lögmenn ehf., Lágmúla 5
Kantur ehf., Vesturási 48
Kemis ehf., "Breiðhöfða 15, box 9351"
Knattspyrnusamband Íslands, Laugardal

Lagastoð ehf., Lágmúla 7
Landssamband íslenskra verzlunarmanna,
Kringlunni 7
Liber ehf., Laugavegi 22
Listasafnið Hótel Holt ehf., Bergstaðastræti 37
Lögfræðiskrifstofa Atla Gíslasonar,
Ingólfsstræti 5
Lögmennsskrifstofan Fortis ehf., Laugavegi 7
Lögreglustjórinn í Reykjavík, Hverfisgötu 113
Markaðsnefnd Mjóluridnaðarins, Bitruhálsi 2
Nesradió ehf., Síðumúla 19
Nýi öskulóinn ehf., Klettagörðum 11
Poulsen ehf., Skeifan 2
Rafmiðlun ehf., Dugguvogi 2
Rafórninn ehf., Suðurlíð 35
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnaræði,
Höfsvallagötu 53
Rauða torgið, Brautarholti 2
Rekstrarfélagið Kringlan, Kringlunni 4 -12
Ríkislögreglustjórinn, Skúlagötu 21
Rúmmeter ehf., Suðurlandsbraut 4a
S.Í.B.S., Síðumúla 6
Sesarvídeó, Grensásvegi 14
Skýrr hf., Ármúla 2
"Smur-, bón- og dekkþjónustan sf.",
Sættúni 4
Spark ehf, Brautarholti 8
Sportvörugæðin hf., Skipholti 5
Steingrímur Þormóðsson - Lögm. Árbæ,
Nethyl 2
Stilling hf., Kletthálsi 5
Suzuki bílar hf., Skeifunni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf., Laugavegi 54
Sveinsbakari ehf., Arnarbakka 4-6
Tollstjórinn í Reykjavík,
Tryggvagötu 19, box 5029
Tollvarðafélag Íslands, Grettisgötu 89
Trackwell Software hf., Suðurlandsbraut 24
Trausti ehf., Viðarási 26
Urð og Grjót, Vesturási 58
Utánríkisráðuneytið, Rauðarárstíg 25
Útfararmiðstöð Íslands, Sólheimum 18
Útgerðafélagið Frigg ehf., Tryggvagötu 11
Vaka hf., Eldshöfða 6
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.,
Brautarholti 16
Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3
Veifarærasalan Dímon ehf., Austurbugt 5
Veidihúsið Sakka ehf., Hólmaslóð 4
Veitingahúsið Hornið, Hafnarstræti 15
Verðbréfastofan hf., Suðurlandsbraut 18
Vélar og verkfæri ehf., Skútuvogi 1c
Vélar og þjónusta ehf., Járnhálsi 2
Vélasalan ehf., Ánanaustum 1
Vélaver hf., Lágmúla 7
Vélsmiðjan Járnverk hf., Bíldshöfða 18
Vélvík ehf., Höfðabakka 1
Vínval ehf., Breiðuvík 7

SELTJARNARNES

Auðunn og Hafsteinn ehf., Sævangörðum 4
Bæjarins bezt ehf, Bollagörðum 11
Nesdekk ehf., Suðurströnd 4
Rauða Ljónið, Eiðstorgi 13-15

VOGAR

NG-Nordic gourmet á Íslandi, Hafnargötu 2
Box 267
Steinhreinsun ehf., Aragerði 8
V.P. Vélarverkstæði ehf., lðndal 6

KÓPAVOGUR

AFA JCDecaux Ísland, Vesturvör 30b
Arnardalur sf., Þinghólsbraut 58
Arnarverk ehf, Kórsölum 5
ÁF-hús ehf., Hæðarsmára 6
Átak ehf.- bílaleiga, Smiðjuvegi 1
Baader Ísland ehf., Hafnarbraut 25
Barkasuða Guðmundar ehf., Vesturvör 27
Bífreiðastillingin ehf.,
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bífreiðaverkstæði Björns Pálmasonar,
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bífreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.,
Smiðjuvegi 22 - græn gata
Bífreiðaverkstæði Kópavogs ehf.,
"Skemmuvegi 16, blá gata"
Bífreiðaverkstæðið Lada-þjónustan,
Auðbrekku 4
Bífreiðaverkstæðið Toppur, Skemmuvegi 34
Bleik gata
Bíla áttan, "Smiðjuvegi 30, gul gata"
Bílaleigan Víkingur, Furuhjalla 10
Bílaverkstæði Bubba sf., Skemmuvegi 18blá
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf.,
Smiðjuvegi 48 rauð
Bílaverkstæðið Skúffan ehf.,
"Smiðjuvegi 11e, græn"
Bilbro ehf., Skemmuvegi 26
Biljörur ehf., Smiðjuvegi 34
Bilstál ehf, Askalind 3
Bilvogur ehf., Auðbrekku 17
Blikkás - Funi ehf., Skemmuvegi 36 blei
Borgarvirki ehf., Hjallabrekku 22
Brimgljái ehf., Vallartröð 5
"Café Borg, Kaffibar", Hamraborg 10
DATEK-ÍSLAND ehf., Smiðjuvegi 50
DK Hugbúnaður, Hlíðasmára 17
Egill Vilhjálmsson ehf., Bröttutungu 9
Elnet tækni ehf., Auðbrekku 16
Fasteignamiðstöðin-Hús og hýbýli ehf.,
Hlíðasmára 17
G.T. Óskarsson ehf., Vesturvör 23
H.S.H. byggingameistarar ehf.,
Suðursölum 14 box 56
Innviðir -Valdberg ehf., Smiðjuvegi 36

Íslandsspil sf., Smiðjuvegi 11a
Ísstart ehf, Hamraborg 1-3
Jarðkraftur ehf., Bakkasmára 113
Jarðvélar ehf, Bakkabraut 14
Járnsmiðjan, Dalvegi 24
Júmbó ehf., Kársnesbraut 112
KB ráðgjöf, Hlíðasmára 17
Ketill ehf - Bilaverkstæði, Kársnesbraut 100
"Klettur, verktakar", Hlíðarvegi 55
Krókur, Skeljabrekku 4
Kynniferðir - Flugrútan, Vesturvör 6
Lakkskemman ehf.,
"Skemmuvegi 30, blá gata"
Linkur ehf., Akralind 8
Lögfræðistofa Jóhanns Baldurssonar,
Holtasmára 1
Lögmennsstofa Loga Egilssonar ehf.,
Hlíðasmára 8
Partasalan, Skemmuvegi 32 bleik gata
Raþport ehf., Nýbýlavegi 14
Rafvirki ehf., Fjallalind 137
Reykofninn hf., Skemmuvegi 14 bleik
Reynir bakari ehf., Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Hjartar,
Smiðjuvegi 56 (rauð gata)
Réttingaverkstæði Jóa ehf., Dalvegi 16a
Réttur bílar ehf, Kársnesbraut 98
Ryðvörn og bón ehf., Smiðjuvegi 68
S. Guðjónsson ehf, Auðbrekku 9-11
S.M. verktakar sf., Skemmuvegi 12
Sendibílastöð Kópavogs hf.,
Skemmuvegi 50 brún
Sérverk ehf., Akralind 6
Smári söluturn, Dalvegi 16c
Smurstöðin Stórahjalla ehf., Stórahjalla 2
Steinsmiðjan S. Helgason ehf.,
"Skemmuvegi 48, brún gata"
Stimpill ehf, Akralind 9
Sýslumaðurinn í Kópavogi, Dalvegi 18
Uppdæling ehf., Bakkabraut 2
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf.,
Hamraborg 11
Vélarleiga Auberts, Hlíðarhjálli 7
Vidd ehf., Bæjarlind 4
Þyrlupjónustan ehf., Hlíðarvegi 3

GARÐABÆR

Ásgeir Einarsson ehf., Garðaflöt 37
Dráttarbílar, Skeiðarási 4
Eðlavalnapijónustan ehf., Hegranesi 23
Garðablóm, Garðatorgi 3
Gluggar og garðhús ehf., Smiðsbúð 10
Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd.,
Suðurhrauni 3
Kaffi Nauthóll, Ásbúð 63
Loftorka ehf., Miðhrauni 10
Nýbarði hjólbarðaverkstæði ehf., Goðatúni 4
Rásin sf., Hegranesi 21

LÖGREGLUMAÐURINN

RIT UM STÉTTAR- OG STARFSMÁLEFNI LÖGREGLUMANNA

Efnisyfirlit

Formannshornið	
Sveinn I. Magnússon	4
Viðtalið	
Guðmundur Fylkisson	5
Mansal – nauðungarvinna	
Sigríður Björk Guðjónsd., Ingimundur Einarsson	6
Áfallastreita og starfsþrot	
María Hrönn Nikulásd.	8
Sjálfvirk hjartarafstuðtæki	
Stefán Alfreðsson	11
Svona verður lögreglubíll til, myndasíða	13
LL og áfallið	
Pórir Steingrímsson	14
Ökufærni	
Hjalti Már Björnsson, Kristín Sigurðardóttir	15
Vinnutímamál	
Kristján Örn Kristjánss.	18
Samantekt LL um starfsumhverfi	
Páll E. Winkel, Sveinn I. Magnússon	20
Íþróttæfni	25
Frá starfi lögreglu, myndasíða	33
Tryggingamál lögreglumanna	
Gylfi Thorlacius	34
Launatafla	38
Dagpeningar og akstursgjald	39




Leiðarinn

Jæja, þá er komið að því. Ég er búinn að vera ritstjóri Lögreglumannsins í 7 ár og koma út 21 blaði á þeim tíma. Nú er komið nóg og nýr ritstjóri tekur við frá og með næsta blaði. Það er Tómas Frosti Sæmundsson, rannsóknarlögreglumaður í Reykjavík. Óska ég honum velfarnaðar í þessu starfi og veit að mikið starf bíður hans. Ykkur sem hafið aðstoðað mig í gegnum árin með efni í blaðið þakka ég kærlega fyrir samstarfið. Sérstaklega er Júlíusi Sigurjónssyni, ljósmyndara, þakkað fyrir hans framlag.

Á þessum 7 árum hefur mikið gerst hjá lögreglunni í landinu. Miklar breytingar á Lögregluskólanum, miklar breytingar í fjarskiptamálum, miklar breytingar hjá sérsveitinni, miklar breytingar í tölvumálum / lögreglukerfismálum og fram undan eru líklega einna stærstu breytingarnar ef hugmyndir dómsmálaráðherra ná fram að ganga með nýskipan lögreglumála. Breytingum fylgir alltaf óvissa um það sem koma skal og er því mjög mikilvægt að staðið sé vel að slíku, breytingastjórnun er mikilvæg og nauðsynlegt að upplýsingar séu ítarlegar og réttar. Því miður er það svo að við stöndum okkur ekki of vel í því að nálgast upplýsingar, þær liggja oft á tíðum fyrir en það er eins og við þurfum að fá þær matreiddar ofan í okkur, hvert og eitt fyrir sig. Sem dæmi um fyrirbyggjandi upplýsingar er það sem er á Netinu, Lögregluvefnum, innra netinu og síðan vef Landsambandsins.

Fram undan er einnig þing LL og hafa orðið breytingar á því hvernig þingfulltrúar veljast á það. Svæðisdeildir skulu auglýsa eftir framboðum einstaklinga til setu á þinginu og í framhaldi fer fram kosning fulltrúa á þingið. Það getur því hver sem er innan viðkomandi svæðis boðið sig fram, viðkomandi þarf ekki að vera „félagsmaður“ viðkomandi svæðisdeildar heldur þarf hann að vera lögreglumaður í starfi á starfssvæði deildarinnar.

Guðmundur Fylkisson



Einar og Arnþór ásamt Þorvaldi.

Forsíðan: Birgir frá SHS og Sæmundur útivarðstjóri á brunavettvangi.

Ljósmyndir frá störfum lögreglumanna: Foto.is / Júlíusi Sigurjónsson

Prentvinnsla: Íslandsprent.

Útgefandi:	Landssamband lögreglumanna.
Umsjón:	Guðmundur Fylkisson (g.fylkis.fml@ris.is)
Ábyrgðarmaður:	Sveinn I. Magnússon.
Ritnefnd:	Erna Sigfúsdóttir, Jón Svanberg Hjartarson, Þórhallur Árnason, Stefania Vigfúsdóttir, Guðmundur Fylkisson.
Netfang:	ll@bsrb.is
Prófork:	Atli Steinn Guðmundsson

Sveinn I. Magnússon

Formannshornið

Landssamband lögreglumanna mótmælir harðlega fyrirbyggjandi frumvarpi til breytinga á umferðarlögum nr. 50/1987 og telur það geta haft slæm áhrif á löggæslumál á Íslandi.

Samkvæmt frumvarpinu er starfsmönnum Vegagerðarinnar veitt heimild til að stöðva ökutæki og sinna margþættu eftirliti með ökutækjum og ökuþögnum. Þá er jafnframt gert ráð fyrir að gruni starfsmenn Vegagerðar við umrætt eftirlit að ótilgreind alvarleg brot hafi átt sér stað sé þeim heimilt að banna frekari för ökutækis til að hindra áframhaldandi brot þar til lögregla kemur á vettvangi. Þá eru í frumvarpinu útlistaðar frekari aðgerðir starfsmanna Vegagerðar á vettvangi.

Ekki þarf að velkjast í vafa um það að með þessari breytingu á umferðarlögum mun starfsmönnum Vegagerðar verða veitt viðtækt lögregluvald og illskiljanlegt hvernig tillögur að svo vanhugsuðum lagabreytingum komi til. Skal það rökstutt nánar.

Í fyrsta lagi er rannsókn opinbers málsverkefni lögreglu sem unnið er í nánú samstarfi við ákærvaldið, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og 1. mgr. 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Er það með öllu óskiljanlegt að sérhæfð eftirlitsstofnun eins og Vegagerð eigi að sinna rannsókn opinberra mála enda hennar meginhlutverk að sinna almennu eftirliti án þess að fyrir liggja eiginlegur grunur um refsiverðan verknað. Til þess að samræma þessi ólíku hlutverk Vegagerðar annars vegar og lögreglu hins vegar var um langt ára skeið gott samstarf milli þessara stofnana. Með því samstarfi voru fagleg vinnubrögð tryggð þar sem lögregla sá til að eftirlit væri unnið í samræmi við ákvæði réttarfars- og refsilaga. Þá var eftirlitið einnig mun viðtækara þar sem samhliða var haft eftirlit með ýmsum öðrum brotum í umferðinni.

Í öðru lagi er bent á að lagabreyting þessi gerir ráð fyrir að „rannsókn“ á vettvangi, upplýsingar frá „sakborningi“ og öflun annarra upplýsinga sem mögulega verða notaðar í refsímáli gegn viðkomandi verði aflað af starfsmönnum Vegagerðar.

Lögreglan er eini aðilinn hér á landi sem getur sinnt umferðareftirliti og lögreglan er eini aðilinn sem á að sinna þessu eftirliti. Nám lögreglumanna í Lögregluskóla ríkisins byggir að stórum hluta á kennslu í umferðarfræði og opinberu réttarfari. Þá er bent á að lögreglumenn hafa einir yfirgripsmikla reynslu af eftirliti og framkvæmd umferðarreglna enda telja umferðarmál um 74% allra mála í málaskrá lögreglu á Íslandi. Afar mikilvægt er að lögreglumaður sem hefur afskipti að ökuþögn á vettvangi, kunnir til verka og láti réttarfars- og réttarvörslusjónarmið ráða för við afskipti, ekki sjónarmið eftirlitsstjórnvaldsins. Í réttarfars- og réttarvörslusjónarmiðum felst það m.a., að grunuðum ökuþögn eru skilmerkilega kynnt réttarfarsákvæði um rétt til þess að tjá sig ekki um brot, gefnar upplýsingar um kæruefnið áður en sakborningur er spurður út í það og yfirheyrður, reglur um tilnefningu verjanda o.fl. mætti nefna. Það sem er þó mikilvægast hér er að lögreglumönnum ber að gæta ákveðinnar meðalhófsreglu við afskipti af ökuþögn, sbr. meginreglu um að maður er saklaus uns sekt er sönnuð. Ef umferðarmál heldur áfram og kemur til ákvörðunar um opinbera saksókn er það ákærvaldið sem að sama skapi þarf að gæta hlutlægnisreglu sbr. 31. gr. laga um meðferð opinberra mála. Um er að ræða grundvallarreglur í opinberu réttarfari og hætta er á að slík sjálfsgöð réttindi sakborninga verði fyrir borð borin þegar sjálfstæðum eftirlitsstjórnvöldum á vegum samgönguráðuneytisins er falið lögregluvald en fyrir liggur að slíkar stofnanir sækja ekki mál áfram í réttarvörslukerfinu enda hafa þær ekki til þess heimild, þekkingu né reynslu.

Í þriðja lagi er bent á að þrátt fyrir að frumvarpið geri ráð fyrir að starfsmenn Vegagerðar geti „bannað“ frekari för ökutækis hafa þeir starfsmenn ekki heimild til eftirfarar eða valdbeitingar. Afar flókin lagaleg staða gæti því komið upp ef ökuþögn ökutækis kysi að sinna ekki fyrir mælum starfsmanna Vegagerðar um að stöðva ökutæki sitt. Er þá væntanlega tvennt til. Annars vegar að starfsmenn



Vegagerðar hæfu eftirför eða tryggðu með valdbeitingu að ökuþögn sinni fyrir mælum Vegagerðar. Slík háttsemi starfsmanna Vegagerðar myndi auðvitað ekki standast enda aðeins handhöfum lögregluvalds heimil valdbeiting, sbr. 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 auk þess sem miklar líkur eru á að starfsmenn Vegagerðar myndu brjóta gegn fjölmörgum ákvæðum umferðarlaga við framkvæmd eftirfarar. Hins vegar gætu starfsmenn Vegagerðar kosið að rita skýrslu um málið og lögregla rannsakað það. Slíkt fyrirkomulag myndi auðvitað flækja rannsókn lögreglu og því vandséð hvað ávinnst með að færa umrætt eftirlit frá lögreglu til starfsmanna Vegagerðar.

Á liðnum vikum hafa forsvarsmenn ýmissa fyrirtækja sem frumvarpið varðar haft samband við LL og lýst yfir eindreginni andstöðu við að Vegagerðin eigi í enn frekara mæli að taka við hlutverki lögreglu. Telja þeir sig eiga rétt á að faglegu eftirliti er sinnt verði af lögreglu en ekki ófaglægum starfsmönnum Vegagerðar. Er LL m.a. kunnugt um að forsvarsmenn ákveðinna fyrirtækja á Norðurlandi hafa safnað tæplega 200 undirskriftum þar sem ætluðum breytingum er mótmælt.

Landssamband lögreglumanna mótmælir harðlega fyrirhuguðum breytingum á umferðarlögum og telur þær alvarlega þróun í löggæslumálum á Íslandi.

*Sveinn I. Magnússon,
formaður*

Nafn:

Guðmundur Fylkisson

Staða: Aðalvarðstjóri á fjarskiptamiðstöð


Lögregluembætti: Ríkislögreglustjóri

Lögreglumaður síðan: September 1985, tók reyndar 2 ára hlé og gerðist atvinnuslökkviliðsmaður á höfuðborgarsvæðinu 1987-1989.

Dagur í vinnunni: 12 tíma vaktir 4 og 5 dagar í röð, mæti að hreinu borði og fer frá hreinu borði en afgreiði fjöldann allan af málum yfir vaktina, sum málin án þess að blanda öðrum lögreglumönnum í málið en önnur með því að senda á vettvang. Frá 19. júní 2000 til 1. september 2005 sinntum við aðeins 6 lögregluembættum, frá 1. september 2005 bættust 8 embætti við og núna 3. janúar 2006 verðum við með öll lögregluembætti í okkar umsjá. Næturvaktir í miðri viku oftast rólegar, dagvaktir oftast erilsamar. Helgarnar oft erilsamar, bæði dag og nótt. Átti aðfangadagskvöld og er það óþolandi að ákveðinn hópur fólks skuli nota þann dag til að misnota áfengi og eins að það skuli vera sá dagur þar sem forræðisdeilur eru mest áberandi, jafnvel á aðfangadagskvöld eru foreldrar sem ekki búa saman að slást um börnin, að þeim ásjáandi.

Framtíðarsýnin: Sameinaðir stöndum vér.....

Hlynnur eða andvígur sameiningu lögregluembætta á þínu svæði: Mjög hlynnur. Löngu tímabært að færa löggæsluna til nútímans. Hefði viljað sjá framkvæmdanefnd um nýskipan í lögreglumálum nota strokleður og teikna upp ný umdæmamörk í stað þess að færa sig bara til að næstu



eða þarnæstu umdæmamörkum. Miðað við það hugrekki sem þeir sýndu með tillögum sínum átti ég von á því en þeir eru kannski bara raunsærri en ég.

Kjarasamningarnir: Bíð spenntur eftir breytingum á vaktalagshlutanum, þ.e. að greitt verði vaktalag á aukavinnu á kvöldin, næturnar og um helgar. Einkennilegt að mesti munurinn skuli vera á þeim sem er á skylduvakt á dagvinnutíma og þeim sem er á aukavakt á dagvinnutíma en minnsti munurinn á þeim sem er á næturvakt á skylduvakt og þeim sem er á næturvakt á aukavakt. Er ekki eitthvað skrytið þarna á ferð? Eins vil ég sjá að hægt sé að greiða mönnum hærra laun fyrir hæfni og sérhæfð störf, jafnvel hærra laun en þeirra yfirmanni, án þess að gera þá að yfirmönnum og missa þá jafnvel úr því sem þeir gera best. Vil einnig sjá meiri festu með viðbótarflokkana, ekki að það sé val hvers og eins. Minn yfirmaður hefur

ákveðið að nýta sér ekki þennan möguleika. Stefni að því að hafa áhrif á næstu kjarasamninga með því að komast til formlegra áhrifa í stjórn LL.

Einkennisbúningurinn: Skil ekki alveg þá sem treysta sér til að nota aðeins einar einkennisbuxur í 2 ár ef rétt er í úthlutunarreglum í nýju tillögunum, einar buxur annað hvert ár, er ekki allt í lagi heima hjá þér?

Annað: Með tilkomu færri og stærri lögregluembætta þurfum við að skoða þjónstu okkar við fjölmiðla. Við eigum að nota fjölmiðla í okkar þágu og hafa meiri stjórn á því en ekki láta fjölmiðlana stjórna okkur. Við eigum að vera fyrri til að tilkynna fjölmiðlum um það sem er að gerast og fá í framhaldi frið frá þeim til að vinna okkar vinnu, þeir verða bara að vinna sína vinnu sjálfir. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins vinnur þannig. Við eigum að hafa á okkar snærum menn sem sjá um þetta.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir og Ingimundur Einarsson

Mansal – nauðungarvinna

Greinarhöfundar tóku þátt í ráðstefnu á vegum Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vínarborg, dagana 7. og 8. nóvember sl., en ráðstefnan fjallaði um mansal og aðgerðir gegn ólöglegri vinnu.

Mansal hefur verið eitt af áherslumálum Íslendinga innan ÖSE. Aðkoma okkar er um margt óvenjuleg þar sem Ísland hefur til þessa hvorki verið upprunaland né viðtökuland fórnarlamba mansals, svo hönd verði á fest. Hins vegar er ljóst að fórnarlömb mansals hafa verið flutt í gegnum landið og því teljumst við vera svokallað „transit“-land eða umflutningsland. Í því sambandi má minna á dóm í Héraðsdómi Reykjaness 9. janúar 2004, þar sem ástralskur ríkisborgari var sakfelldur fyrir skjalfals og brot gegn lögum um útlendinga, ekki þó fyrir mansal, en með því að hafa í hagnaðarskyni tekið þátt í skipulagðri starfsemi við að aðstoða tvær kínverskar stúlkur til að koma ólöglega til landsins og annarra ríkja, en ferð stúlnanna var heitið til Bandaríkjanna.

Ekki er með öllu útilokað að hér á landi sé að finna nauðungarvinnuafli eða að til þess komi að nauðungarvinnuafli verði nýtt héraðs, eins og í öðrum löndum Evrópu. Benda má á að bæði Danir og Norðmenn hafa nýverið fengið til sín fjölda kínverskra barna og virðist margt benda til þess að tilgangur með komu þeirra sé ólöglegur og í því skyni að selja þau í nauðungarvinnu.

Vandinn er margþættur. Helst má nefna að rót hans er fólgin í fátækt og slæmum framtíðarhorfum í mörgum af upprunalöndum vinnuafli sem sætir mansali. Einnig eru miklir peningar í húfi en talið er að mansal gefi af

sér um 32 milljarða bandaríkjadala á ársgrundvelli og að 13 milljónir manna séu misnotaðar með þessum hætti. Mesta áherslan hefur verið lögð á kynlífsþrælkun, enda er talið að meirihluti mansalsmála sé tengdur þeim geira. Mansal til nauðungarvinnu fer þó vaxandi í ýmsum atvinnugreinum, svo sem við ávaxtatíslu, á ódýrum veitingahúsum, störfum í hættulegum iðnaði, fataiðnaði, heimilishjálpi, byggingarvinnu og fleiri greinum. Ráðstefnan var helguð þessum atvinnugreinum, en ekki kynlífsiðnaðinum.

Það getur verið erfitt að greina mansal, þar sem fórnarlömbin hafa oft gefist vinnuveitendum sínum á vald í fyrstu af fúsum og frjálsum vilja, dvelja ólöglega í landinu sem þau starfa í, eru hrædd og oftast ófús vitni, enda hafa þau oft ekki að neinu að hverfa í sínu heimalandi. Nokkur atriði eru yfirleitt sammerkt með þeim sem hafa sætt mansali. Þannig hafa yfirleitt ferðaskilríki verið tekin af fórnarlömbunum, þau beitt ógnunum eða ofbeldi, ættingjum þeirra í heimalandinu er hótad ofbeldi, brottför þeirra hindruð, þau einangruð og þeim ekki greidd laun fyrir störf sín. Í flestum löndum eru þessir þættir refsiverð athæfi. Greina þarf betur á milli slæmra vinnuáðstæðna og nauðungarvinnu/mansals, enda er það eðlisólíkt þótt erfitt geti verið í fyrstu að greina þar á milli.

Fulltrúar Europol og Interpol voru með erindi á ráðstefnunni, en hana sótti fjöldi annarra fulltrúa lögreglu frá ýmsum löndum. Europol hefur lagt áherslu á að í löggjöf einstakra landa verði kveðið á um frekari útfærslu á 3. grein Palermo-samningsins; s.s. að eftirlit með leyfisveitingum verði hert verulega, að vinnu-

miðlanir verði sérstaklega skoðaðar, einnig umsóknir um atvinnuleyfi og þeir sem sækja um slík leyfi í umboði annarra, eftirlit með ferðaskrifstofum og flugfélögum verði aukið, að umræða um málið verði eflað og kynnt og að gripið verði til aðgerða er aðstoði fórnarlömb mansals. Þá telur Europol að efla beri samstarf á milli landa og að tölvukerfi með upplýsingum um mansal verði sett á laggirnar, auk fleiri aðgerða.

Ráðuneyti utanríkis- og dómsmála hafa þegar staðið fyrir ráðstefnu um alþjóðlega baráttu gegn mansali, en hún var haldin 19. mars 2004. Markmiðið með ráðstefnunni var að hvetja til aukinnar umræðu og efla vitund almennings á þessu vandamáli. Einn fyrirlesara á ráðstefnunni var dr. Helga Konrad sem stýrir alþjóðlegum vinnuhópi gegn mansali og var í lykilhlutverki á ráðstefnunni í Vínarborg.

Hér á landi hefur verið gætt að lagasetningu í tengslum við mansal. Þannig var með lögum nr. 40/20. mars 2003 lögfest nýtt ákvæði í almennum hegningarlögum nr. 19/1940, sem leggur refsingu við mansali. Ákvæðið er að finna sem 227. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og hljóðar þannig:

„Hverjum þeim sem gerist sekur um eftirfarandi verknað í þeim tilgangi að notfæra sér mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu eða til að nema á brott líffæri hans skal refsa fyrir mansal með allt að 8 ára fangelsi:

1. *Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einhverjum sem beittur er eða hefur verið beittur ólög-mætri nauðung skv. 225. gr., eða frelsissviptingu skv. 226. gr., eða*

hótun skv. 233. gr., eða ólögmat- um blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu við- komandi um aðstaður eða ann- arri ótilhlýðilegri aðferð.

2. *Að útvega, flytja, hýsa eða taka við einstaklingi yngri en 18 ára eða láta af hendi greiðslu eða annan ávinning til að afla samþykkis frá þeim sem hefur umsjón með barni.*

Sömu refsingu skal sá sæta sem tekur við greiðslu eða öðrum ávinningi skv. 2. tölul. 1. mgr.“

Lögfestingu þessa ákvæðis má rekja til Palermó-samnings, sem samþykktur var á allsherjar- þingi Sameinuðu þjóðanna 15. nóvember 2000, og fjallar um aðgerðir gegn alþjóðlegri og skipu- lagðri glæpastarfsemi. Með þeim samningi voru samþykktar bók- anir, þ.á m. bókun til að koma í veg fyrir, berjast gegn og refsa fyrir verslun með fólk, einkum konur og börn. Palermó-sam- ningurinn og bókunin voru undirrit- uð af Íslands hálfu í lok árs 2000,

en í 5. gr. þeirrar bókunar var sú skylda lögð á aðildarríkin að mæla fyrir um refsinaemi verslun- nar með fólk, eins og sú háttsemi er nánar skilgreind í samning- num.

Þótt sú háttsemi sem nú er lýst í 227. gr. a almennra hegningar- laga hafi að flestu leyti verið refsina- em fyrir gildistöku ákvæðisins, var tilgangurinn með lögfestingu þess einkum sá að leggja sérstaka áherslu á þessi brot og auka refsiv- ernd gegn þeim, en brotastarfse- min beinist gegn frjálsræði og helgustu persónuréttindum hvers manns.

Í 3. gr. nefndrar bókunar við Palermó-samninginn er að finna skilgreiningu á mansali og verður ekki annað séð en að verknaðar- lýsing 227. gr. a almennra hegn- ingarlaga nái yfir þá skilgrein- ingu. Vert er að árétta að sam- þykki fórnarlamb mansals í þeim tilgangi sem lýst er í lagaákvæði- nu skiptir engu máli, ef tilgangur hagnýtingarinnar er sá sem þar greinir.

Fram kom á ráðstefnunni að mikilvægt sé að auka umræðu í hverju landi um þennan vanda og lýstu forystumenn innan ÖSE, Evrópuráðsins og ILO (alþjóðlegu vinnumálastofnunarinnar) vilja sínum til þess að reyna að vinna bug á mansali innan 10 ára. Til þess að það markmið náist verða ólíkir aðilar og stofnanir að taka höndum saman og vinna mark- visst að því að útrýma þessu þræla- haldi nútímans.

Sigríður var fulltrúi dóms- málaráðuneytis á ráðstefnunni en Ingimundur fyrir hönd lögreglu- nar í Reykjavík.



María Hrönn Nikulásdóttir

Áfallastreita og starfsþrot - rannsókn á lögreglumönnum

Lögreglustarfið er af mörgum talið eitt streitumesta starf sem hægt er að sinna enda verkefni lögreglumanna oft á tíðum áttakanleg og stundum hættuleg. Í ljósi þessa þótti mér áhugavert að athuga hver tíðni áfallastreitu og starfsþrota væri meðal lögreglumanna. Síðastliðið vor fékk ég svo leyfi hjá lögreglunni til að leggja fyrir rannsókn þess efnis. Spurningalistar voru lagðir fyrir í maí og júní sl. í samvinnu við Ólaf Örn Bragason sálfræðing hjá embætti ríkislögreglustjóra. Rannsóknin var BA-verkefni mitt í sálfræði við Háskóla Íslands.

Starfsþrot og áfallastreita hafa að undanförunu fengið aukna athygli og þekking á þessum fyrirbærum er sífellt að aukast. Viðhorf á þann veg að sterk tilfinningaviðbrögð við áttakanlegum atburðum sé aumingjaskapur eða veiklyndi er á undanhaldi meðfram auknum skilningi á áföllum og áfallastreitu.

Einkennum áfallastreitu má skipta upp í þrjá flokka:

1. Endurupplifun atburðarinnar þar sem fólk upplifir uppþrengjandi hugsanir eða endurteknar martraddir um atburðinn.

2. Tilfinningalegur doði og áhugaleysi (hliðrun), þannig að fólk forðast áreiti sem minna á atburðinn, missir áhuga á mikilvægum athöfnum og viðkomandi finnur til minni tilfinninga.

3. Viðvarandi einkenni aukinnar örvunar, þar sem fólk er stöðugt á varðbergi og bregst á öfgafullan hátt við minnstu áreitum. Þá eru einbeitingartruflanir, pirringur, reiðiköst og erfiðleikar með svefni algeng einkenni.

Starfsþrot (eða kulnun) er hugtak sem á ensku nefnist burnout en

starfsþrot fela einnig í sér þrenns konar einkenni: tilfinningalega örmögnun þar sem viðkomandi upplifir sig tilfinningalega uppurinn eftir samskipti við annað fólk og finnst hann geti ómögulega slakað á eða náð sér að nýju, hlutgervingu þar sem kaldhæðin viðhorf og neikvæðar tilfinningar eru í garð fólksins sem starfsmaður hefur afskipti af og versnandi árangur þar sem viðkomandi upplifir hrakandi hæfni í starfi, einkum varðandi það hvernig hann tekst á við málefni skjólstæðinga.

Markmið rannsóknarinnar var fyrst og fremst að athuga hvort áfallastreita geti aukið líkur á starfsþrotum og auk þess var athugað hversu mikið varnarviðbrögð (coping) geta sagt til um einkenni starfsþrota og hvernig ýmsar bakgrunnsbreytur (til dæmis aldur, kyn og vinnuálag) koma þar við sögu. Alls tóku 87 lögreglumenn þátt í rannsókninni, 81 á höfuðborgarsvæðinu og 6 á Akranesi.

Niðurstöður rannsóknarinnar

Við túlkun niðurstaðna ber að hafa í huga að þátttakendur voru fáir og því ekki hægt að alhæfa um alla lögreglumenn út frá þeim.

Meðal þeirra 87 lögreglumanna sem tóku þátt í rannsókninni voru í 27 tilvikum vísbendingar um upplifun á mikilli áfallastreitu. Starfsþrot voru mismikil eftir einkennum, talsvert var um hlutgervingareinkenni og upplifun á versnandi árangri en minna var um tilfinningalega örmögnun. Tengsl áfallastreitu við starfsþrot voru mest við tilfinningalega örmögnun sem er talið vera megineinkenni starfsþrota. Þeir sem höfðu mikil einkenni

endurupplifunar á áfalli voru hins vegar mun líklegri en aðrir til að hafa öll einkenni starfsþrota.

Atburðir sem reyndust líklegastir til að valda áfallastreitu samkvæmt rannsókninni eru: „að horfa upp á manneskju deyja“, „að meðhöndla fólk sem orðið hefur fyrir alvarlegu ofbeldi“ og „að vinna að málum varðandi ofbeldi eða misnotkun á börnum“. Þetta samræmist erlendum rannsóknum á áfallastreitu meðal lögreglumanna.

Tilfinningamiðuð varnarviðbrögð voru einu varnarviðbrögðin sem sýndu tengsl við starfsþrot en þau höfðu jákvæð tengsl við megineinkenni starfsþrota, tilfinningalega örmögnun. Dæmi um tilfinningamiðuð varnarviðbrögð er að velta sér mikið upp úr atburðinum og jafnvel ásaka sjálfa/n sig fyrir það sem gerðist. Hliðrunar- og verkefnamiðuð varnarviðbrögð sýndu hins vegar lítil tengsl við starfsþrot. Hliðrunarmiðuð varnarviðbrögð felast í því að forðast aðstæður eða hugsanir en verkefnamiðuð varnarviðbrögð hins vegar miða að því að leysa vandamálið með því að endurmeta það og reyna að breyta aðstæðum þannig að það leysist. Verkefnamiðuð varnarviðbrögð eru í flestum tilfellum talin vænlegustu varnarviðbrögðin.

Kyn, aldur, starfsaldur eða hjúskaparstaða sýndu ekki marktæk tengsl við upplifun á áfallastreitu eða starfsþrotum.

Rannsóknina má nálgast í heild sinni á Landsbókasafni Íslands þar sem lesa má ítarlegri niðurstöður og umfjöllun um efnið.

Að lokum vil ég þakka þeim lögreglumönnum sem tóku þátt í rannsókninni fyrir þau jákvæðu viðbrögð sem verkefninu voru sýnd.



Lögreglukonur í heiðursverði við Alþingi.

HÉÐINN
 Stóla 0 • 210 Garðabær
 Sími: 669 2100 • Fax: 669 2101
 www.hedinn.is • hedinn@hedinn.is

Dælur ehf.
 LAUFBREKKA 22 (DALBREKKUMEGIN) // 200 KÓPAVOGUR
 SÍMI 5 400 600 // FAX 5 400 610 // DAELUR.IS

www.studiobilar.is

GEYMSLA.IS

Útfararþjónustan
 Stofnað 1990

SJÓVÁ

SLÖKKVILIÐ
 HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Pegar andlát ber að höndum

Útfararstofan annast meginhluta allra útfara á höfuðborgarsvæðinu. Þar starfa nú 15 manns við útfararþjónustu og kistuframleiðslu.

Alúðleg þjónusta sem byggir á langri reynslu

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf.

Vesturhlíð 2 – Fossvogi – Sími 551 1266 – www.utfarastofa.com



Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

GARÐABÆR

Ris ehf., Skeiðarási 12
Sælgætis og Videóhöllin, box 333
Tækni - Stál ehf., Suðurhrauni 2

HAFNARFJÖRÐUR

Activis group hf., Reykjavíkurvegi 76-76
Alexander Ólafsson ehf., Hvaleyrarbraut 37
Bónusvideo ehf., Lækjargötu 2
Eiríkur og Einar Valur hf., Púfubarði 19
Faxaberg sf., Fagrahvammi 4
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar, Fjólulíð 13
Fínússning ehf., Íshellar 2
Fjarðargrjót ehf., Furuhlíð 4
Fjarðarkaup ehf., Hólshrauni 1
Flói ehf., Fjóluhvammi 6
Fura ehf., Hringhellu 3 box 491
Garðafell ehf., Pósthólf 476
Hlaðbær Colas hf., Hringhellu 6
Holtanesti, Melabraut 11
Hvalur hf., Reykjav.veg 48 Box 233
Íslandsprent ehf., Steinhellu 10
Ís-rör ehf., Lækjarhvammi 9
Japanskar-vélar ehf., Dalshrauni 26
Lögmenn Thorsplani sf., Fjarðargötu 11
Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð
Símenntunnar, Brekkugötu 2
Nýsir hf., Flatahrauni 5
Rafgeymasalan ehf., Dalshrauni 17
smurning.is, Hjallahrauni 4
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Steinsteypsögun ehf., Stapahrauni 6
Suðurverk hf., Drangahrauni 7
Suzuki umboðið ehf., Kaplahrauni 1
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, Bæjarhrauni 18
Trégaur ehf., Suðurgötu 31
Útfararþjónusta Hafnarfjarðar, Stapahrauni 5
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf., Melabraut 23
Vélsmiðja Guðmundar, Íshellu 10 box 390
Vélsmiðjan Kofri, Skútahrauni 3
Viking björgunarbúnaður, Hvaleyrarbraut 27
Þórsalf ehf., Skútahrauni 15

KEFLAVÍK

A. Óskarsson ehf., Heiðargerði 8
Blikksmiðja Ágústs Guðjónssonar hf., Vesturbraut 14
Brunavarnir Suðurnesja, Hringbraut 125
Efnalaug Suðurnesja - BK hreinsun ehf., lðavöllum 11b
Efnalaugin Vík, Hafnargötu 30
Fasteignasalan Stuðlaberg ehf., Hafnargötu 29
Fristund, Faxabraut 27
Guðdís ehf., Vesturgötu 37

Hjólbarðaðþjónusta Gunna Gunn., Hafnargötu 86
Húsagerðin ehf., Hólmgarði 2c
Húsanes ehf., Hafnargötu 20
Kaffi Duus ehf., Duusgötu 10
Langbest, Hafnargötu 62
Lögfræðistofa Suðurnesja ehf., Hafnargötu 51-55
Matvöruverslunin Hólmgarður, Hólmgarði 2
Nesprýði ehf., Vesturbraut 10-12
OSN lagnir ehf., lðavöllum 4b
Plastgerð Suðurnesja ehf., Framnesvegi 21
Rafiðn ehf., Víkurbraut 1
Rekan ehf., lðavöllum 5b
RV ráðgjöf, Efstaleiti 75
Skipting ehf., Grófinni 19
Smurstöð og hjólbarðaðþjónusta Björns og Þórðar, Vatnsnesvegi 16
Sólbaðs- og þrekmiðstöðin Perlan, Mávabraut 8b
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12
Sýslumaðurinn í Keflavík, Vatnsnesvegi 33
"Traffic, sportbar", Hafnargötu 30
Tæknivík ehf., Grófinni 14b
Útfararþjónusta Suðurnesja, Vesturbraut 8
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf., Víkurbraut 13
Verktakasambandið ehf., Grófinni 9-11
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Vísir félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum, Hafnargötu 90

KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli,
"Flugþjónustan, Keflavíkurflugvelli",
Íslenskur markaður ehf., Flugstöð Leifs Eiríks.
Suðurflug ehf., Keflavíkurflugvelli
Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli, Grænási

GRINDAVÍK

Aðal-Braut ehf., Víkurbraut 31
Martak ehf., Hafnargötu 21
Sjómanna- og vélstjórafélag Grindavíkur, Hafnargötu 9
Vélsmiðja Grindavíkur ehf., Seljabót 3
Þorbjörn Fiskanes hf., Hafnargötu 12

SANDGERÐI

Nesmúr sf., Holtsgötu 26

GARÐUR

Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Heiðartúni 2
Sveitarfélagið Garður, Melbraut 3

NJARÐVÍK

Bílahúsið.is - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52
Bílar og hjól ehf., Njarðarbraut 11d
Bílbót sf., Bolafæti 3
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Ísgoggar, Kirkjubraut 18
R. H. Innrétingar, Skipabraut 1
Radióvík ehf., Brekkustíg 14
Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf., Fitjabakka 1c
Stapinn, Njarðvík

MOSFELLSBÆR

Bílaverkstæði Sigurbjörns Árnasonar, Flugumýri 2
Glertækni ehf., Grænumýri 3
Gunnar og Kjartan, Bjargartanga 16
Hestalist ehf. - Bobcatleigan., Flugumýri 14
Hjólbarðaverkstæðið Bæjardekk ehf., Langatanga 1a
Ísfugl ehf., Reykjavegi 36
Nýja bílasmíðjan hf, Flugumýri 20
Pizzabær ehf., "Kjarna, Þverholti 2"
"Reykjalundur, plastiðnaður", Reykjalundi

AKRANES

"B.Ó.B. sf,vinnuvélar", Kalmannsvöllum 3
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf., Dalbraut 6
Bílaröst ehf., Kalmansvöllum 3
Glugga og Glerhöllin, Ægisbraut 30
GT tækni ehf., Grundartanga
Skagaverk ehf., Skarðsbraut 11
Smurstöðin Akranesi sf., Smiðjuvöllum 2
Steðji ehf., Vogabraut 28
Sýslumaðurinn á Akranesi, Stilholti 16-18
Verkalýðsfélag Akraness, Sunnubraut 13

BORGARNES

Geirbakarí, Sólbakka 11
Héraðsdómur Vesturlands, Bjarnarbraut 2
JG vélar sf., Kveldúlfsgötu 18
Loftorka Borgarnesi ehf., Engjaási 2-8
Lögfræðistofa Inga Trygvasonar ehf., Borgarbraut 61
Shellstöðin Borgarnesi, Brúartorgi 6
Sparisjóður Mýrasýslu, Digranesgötu 2
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness, Sólbakka 5
Völundur Sigurbjörnsson, Fálkakletti 8

STYKKISHÓLMUR

Ásklif ehf., Hjallatanda 6

GRUNDARFJÖRÐUR

Sægarpur ehf., Sæbólí 34

ÓLAFSVÍK

Grímis ehf., Hjallabrekku 5
Útgerðarfélagið Smyrill ehf., Brautarholti 26

HELLISSANDUR

Esjar ehf., Hafnargötu 14
Hjallasandur ehf., Helluhóli 3
Skarðsvík hf, Munaðarhóli 10

BÚÐARDALUR

Kolar hf., Reykhólmur
Sýslumaðurinn í Búðardal, Miðbraut 11

ÍSAFJÖRÐUR

Akstur og löndun ehf., Kleifarvegi 8
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Hafnarstræti 6
Frystikerfi ehf., Suðurgötu 9
Hamraborg ehf., Hafnarstræti 7
Héraðsdómur Vestfjarða, Hafnarstræti 1
Hóþferðabílar - Stjórnumílar ehf., Suðurgötu 9
Ísfang hf., Suðurgötu 12
KNH ehf., Grænagarði
Lögsýn ehf., Hafnarstræti 1
Miðfell hf., Sindragötu 1
Mjólkursamlang Ísfríðinga, Sindragötu 2
Orkubú Vestfjarða, Stakkanesi 1
Pizza 67 Ísafirði, Hafnarstræti 12
Póllinn hf., Aðalstræti 9-11
Rörtækni hf., Sindragötu 12b
Sýslumaðurinn á Ísafirði, Hafnarstræti 1
Vestfirskir verktakar ehf., Skeiði 3

BOLUNGARVÍK

Sýslumaðurinn í Bolungarvík, Aðalstræti 12

FLATEYRI

Úlfar ehf., Drafnargötu 2

PATREKSFJÖRÐUR

Smáalind ehf., Aðalstræti 5

TÁLKNAFJÖRÐUR

Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40
Eik ehf. - trésmiðja, Strandgötu 37
Skip ehf., Skógum
Þórsberg ehf., Pósthólf 90

BRÚ

Vélaverkstæði Sveins Karlssonar, Borðeyri

HÓLMAVÍK

Sýslumaðurinn á Hólmavík, Hafnarbraut 25

Stefán Alfreðsson

Sjálfvirk hjartarafstuðtæki

Hjartarafstuðtæki (defibrillators) eru lækningatæki sem hafa þann tilgang að koma hjartslætti einstaklings í svonefndu „hjartastoppi“ í eðlilegt horf. Árið 1947 tókst í fyrsta skipti að endurlífga mann með hjartarafstuðtæki og var það í Bandaríkjunum. Fjöldaframleiðsla á hjartarafstuðtækjum hófst svo árið 1961 og alla tíð síðan hafa þau verið í stöðugri þróun og þannig orðið fullkomnari og auðveldari í notkun. Í fyrstu voru slík tæki eingöngu til staðar á sjúkrahúsum en síðan var farið að framleiða tæki sem hægt var að flytja milli staða og hafa í sjúkraflutningatækjum. Lengst af hafa þessi tæki verið nokkuð flókin í notkun og að mestu handvirk og því eingöngu á færi fagmanna að nota þau. Hér á landi höfðu læknar einir leyfi til þess að nota hjartarafstuðtæki lengi vel en með tilkomu tækja með meiri sjálfvirkni öðluðust sérþjálfaðir sjúkraflutningamenn leyfi til notkunar þeirra. Fyrir nokkrum árum síðan komu svo á markaðinn sjálfvirk hjartarafstuðtæki (automated external defibrillators) sem eru orðin svo einföld og örugg í notkun að nánast hver sem er á að geta notað þau. Er nú svo komið að það þarf ekki sérstakt leyfi til þess að nota slík tæki og er notkun þeirra kennd á skyndihjálparnámskeiðum.

Nú eru framleiddar þrjár megingerðir færanlegra hjartarafstuðtækja, handvirk/hálfsjálfvirk tæki með alls kyns viðbótarlækningabúnaði, tengi- og aflestrar-möguleikum fyrir lækna og sérþjálfaða sjúkraflutningamenn, hálfsjálfvirk/sjálfvirk tæki með aflestrar-möguleikum og svo sjálf-

virk tæki sem eru einföldustu tækin og hægt er að nota með lágmarksþjálfun. Sjálfvirk hjartarafstuðtæki hafa þegar hlotið talsverða útbreiðslu og eru þau helst til staðar á stöðum sem opnir eru almenningi, flugvélum og skipum. Nokkuð er um að lögregla og aðrir björgunaraðilar hafi yfir slíkum tækjum að ráða. Fer útbreiðsla tækjanna stöðugt vaxandi.

Ef maður fer í hjartastopp eru líkurnar á því að hægt sé að endurlífga viðkomandi fremur litlar. Hins vegar tekst endurlífgun stundum og að sjálfsögðu á alltaf að reyna hana og skiptir þá öllu máli að hefja endurlífgun strax. Hjartahnoð dugir þó ekki eitt og sér því að það eina sem getur hugsanlega komið hjartslættinum í eðlilegt horf er rafstuð með hjartarafstuðtæki. Hins vegar eykur hjartahnoð líkurnar á því að rafstuð komi að gagni. Fari maður í hjartastopp eru lífslíkur um 50% eftir 5 mínútur og minnka þær um 7 – 10% fyrir hverja mínútu sem líður ef ekkert er að gert. Hjartarafstuð er lykilatriði og þarf að beita því sem allra fyrst. Þess vegna er svo mikilvægt að hjartarafstuðtæki séu til staðar á sem flestum stöðum og helst að hver sem er geti notað þau.

Ekki má beita rafstuði á einstakling með eðlilegan hjartslátt því að það ruglar hjartað og getur hreinlega komið viðkomandi í hjartastopp, virkar sem sagt alveg þveröfugt. Á hinn bóginn er ekki hættulegt að beita hjartahnoði þó að hjartað slái eðlilega. Til þess að rafstuð með hjartarafstuðtæki geti komið að gagni þarf einhver rafvirkni að vera til staðar í hjartanu. Ef engin rafvirkni er til staðar (asystole) er rafstuð tilgangslaust.



Finnist hvorki merki um puls eða blóðrás hjá meðvitundarlausum einstaklingi er útilokað að finna hvort einhver rafvirkni er í hjartanu eða ekki, slíkt er eingöngu hægt að mæla með þar til gerðum tækjabúnaði eins og hjartarafstuðtækjum.

Framleiðendur sjálfvirkra hjartarafstuðtækja eru allmargir og eru nokkrar tegundir fluttar inn hér á landi. Öll eru þau svipuð að stærð og útliti, hafa sömu grunnvirkni og meðhöndlun mismunandi tegunda mjög áþekk. Sjálfvirk hjartarafstuðtæki er svipað og samlokugrill í útliti og stærð. Tækið er venjulega með loki sem þarf að opna til þess að gangsetja það og komast að tveimur rafskautum sem tengd eru við sjúklingsinn með tilheyrandi rafsnúrum. Í stuttu máli felst notkun tækisins í því að opna tækið, kveikja á því og festa bæði rafskautin á brjóst-kassa sjúklings. Tækið greinir svo hjartsláttinn (taktinn) á sjálfvirkan

hátt og gefur rafstuð algerlega sjálfvirkt. Á sumum tækjum þarf reyndar að ýta á hnapp til þess að gefa rafstuð þegar tækið gefur merki þar um en nýjustu tækin eru algerlega sjálfvirk. Greini tækið eðlilegan hjartslátt mun það ekki gefa rafstuð. Þannig er útilokað að hægt sé að valda sjúklingnum skaða, auk þess sem tækið gefur ekki rafstuð ef engin rafvirkni greinist. Um leið og tækið fer í gang heyrst rödd sem leiðbeinir notandanum skref fyrir skref. Hafa verður í huga að aldrei má snerta sjúklinginn þegar tækið er að greina eða stuða því þá geta menn fengið lífshættulegt raflost. Það er eina hættan sem fylgir notkun sjálfvirkra hjartarafstuðstækja.

Lögreglan þarf mjög oft að sinna útköllum vegna slysa og veikinda og kemur í mörgum tilvikum á vettvang á undan sjúkra-

liði. Það verður því að teljast æskilegt að sjálfvirk hjartarafstuðstæki séu meðferðis ef um hjarta-stopp er að ræða því að tíminn skiptir þá öllu máli. Slysa eða veikindi verða einnig oft á stöðum þar sem líklegt er að hjartarafstuðstæki séu til staðar eins og til dæmis á sundstöðum. Þá geta lögreglumenn sem koma jafnvel fyrstir á staðinn notað þau tæki ef þörf er á hafi þeir hlotið þjálfun í notkun þeirra. Enn eru ekki komin sjálfvirk hjartarafstuðstæki nema í örfáar lögreglubifreiðar á Íslandi en miðað við nýútgefnar tillögur frá tækja- og búnaðarnefnd verður vonandi stórbreyting þar á innan fárra ára komi þær til framkvæmda.

Í Lögregluskóla ríkisins er öllum lögreglumenum nú kennd meðferð sjálfvirkra hjartarafstuðstækja auk almennrar skyndihjálparfræðslu og er það vel. Hins

vegar vantar mikið upp á að þekkingu og þjálfun lögreglumanna í skyndihjálpar og endurlífingun, og þar með kunnáttu í notkun sjálfvirkra hjartarafstuðstækja, sé haldið nægilega við eftir að þeir útskrifast úr lögregluskólanum. Þegar nýr skyndihjálparbúnaður, sem og annar búnaður, er keyptur til lögreglunnar þarf að fylgja því eftir með reglulegri þjálfun í notkun hans. Staðreyndin er nefnilega sú að öll tækin og tólin eru gagnslaus ef menn kunna ekki að nota þau. Nauðsynlegt er að bæta þarna úr og samræma fræðslu og þjálfun á þessu sviði hjá lögregluliðum landsins.

Höfundur er rannsóknar-lögreglumaður í Reykjavík.



**Goðapylsur eru sjóðheitar
hjá fólki á öllum aldri**

GODI

-alltaf góður

Svona verður lögreglubíll til



Billinn mættur til Radióraf til ísetningar á búnaði.



Hér er ekki búð að eiga við innréttingu.



Það þarf að taka innréttinguna úr, nánast alla.



Þetta lítur svo sem ekkert sérlega vel út.



Innréttingin úr toppnum og annað smálegt.



Svo eru það rendur og merkingar.



Þá er nú allt komið á sinn stað.



Radar, upptökuþæki, talstöð, sími, GPS og fleira.



Billinn fullbúinn og Hjalti lögreglumadur á Egilsstöðum tekur við honum.

Pórir Steingrímsson

LL og áfallið

Að lenda í þeirri stöðu að horfast í augu við atvinnu-missi og breytingu á fjárhagslegri afkomu eftir 30 ára atvinnuöryggi í kjölfar áfalls, er áfall út af fyrir sig. Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur segir í máltækinu og á ég þá sérstaklega við heilsuna. Ég lenti í slíku áfalli, fékk blóðtappa í heila sem olli tímabundinni farlömum frá öxl og niður, hægra megin. Sem betur fer olli hann ekki frekari skaða og ég náði aftur heilsu til að geta hafið störf á ný og það er fyrir mestu. Samkvæmt sjúkratölum eru u.þ.b. 700 manns sem fá heilablóðfall á ári, eða tveir á dag! Félagið Heilaheill, er samanstendur af sjúklingum, aðstandendum og fagaðilum, veitir þjónustu til þeirra sem þurfa á að halda, m.a. áfallaástoð til handa félagsmönnum o.s.frv.

Við lögreglumenn sem ríkisstarfsmenn búum við ákveðið velferðaröryggi sem aðrir geta ekki státað sig af. Heildarsamtök lögreglumanna, LL, með aðild að BSRB hafa búið svo um hnútana, að þeir sem lenda í slíkri stöðu geti leitað til þeirra um fjárhagslegan og félagslegan stuðning meðan á endurhæfingu stendur. Ekki má heldur gleyma réttum viðbrögðum þeirra sem fara með yfirstjórn og hef ég mætt þar góðum skilningi, sem er til fyrirmyndar.

Samkvæmt 30. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir að ef ég hefði verið frá störfum vegna áfallsins samfelld meira en í eitt ár eða sem svarar 1/18 af samfelldum starfstíma mínum hjá ríkinu, ætti að veita mér lausn frá störfum vegna heilsuþrestra. Þetta gildir þó ekki ef lækni vottar að líkur séu til fulls bata hjá mér innan næstu

þriggja mánaða, enda sé mér þá veitt lausn að liðnum þessum þremur mánuðum ef ég er enn óvinnufær. En þar sem endurhæfingin tókst vel, gaf endurhæfingarlæknirinn út vottorð þar sem hann lagði til að endurhæfingartímabilið mitt yrði framlengt um 3 – 6 mánuði, áður en ég hæfi 50% starf! Þetta var nokkuð sérstakt og yfirstjórn var nokkur vandi á höndum, þar sem árið var liðið og ég farinn út af launaskrá. Var gripið til þess samkomulags að lögreglustjórinn veitti mér launalaust leyfi í 6 mánuði, en á meðan nyti ég kjara úr sjúkrasjóði LL. Sjúkrasjóður greiddi 80% af heildarlaunum mínum sl. 12 mánuði og gat ég þar af leiðandi notað enn betur þessa viðbótarmánuði til endurhæfingar og það sem var eftir af tímabilinu. Þetta gerði gæfumuninn að mínu mati og sjúkrasjóðurinn greiðir bætur til sjóðfélaga í slysa- og veikindatíffellum eða við dauðsfall eftir því sem nánar er mælt fyrir í reglum hans. Rétt til bóta eða styrks úr sjóðnum eiga þeir sem eru fullgildir félagsmenn í LL og njóta veikindaréttar samkv. gr. 2.2.1 í samkomulagi BSRB um veikindarétt.

Ég hef því láni að fagna, í óláninu, að ég gat farið miklu verr út úr áfallinu en raun varð á. Farlömunin náði ekki upp fyrir öxl, þannig að ég varð ekki, samkvæmt læknisvottorði, fyrir neinni andlegri skerðingu (var bara svona fyrir). Ég var heppinn, slapp vel. Það sem ég held að hafi bjargað mér var að ég var í mjög góðu líkamlegu formi. Á hverjum morgni um kl. 06:30 stóð ég við dyrnar á Sundlaug Kópavogs, þegar þær voru opnaðar og spilaði fótbolta bæði innan lögreglunnar og með vinum mínum fimm sinnum í viku. Við hverja þjálfun



lagði ég inn það sem ég tók út við áfallið og endurhæfinguna. Án þessa þreks veit ég ekki hvernig mér hefði reitt af. Ég segi við þá sem stunda reglulega líkamsrækt, að á meðan þeir eru í þjálfun eru þeir að leggja inn. Þó svo að þeir verði ekki fyrir áfalli eins og ég geta þeir bara geymt innstæðuna, þ.e. heilsuna, til mögru árána, ellinnar.

*Höfundur er rannsóknar-
lögreglumaður í Kópavogi.*

Hjalti Már Björnsson og Kristín Sigurðardóttir

Ökufærni

(sambærileg grein birtist í Læknablaðinu 2005, 91:870-1 og veitti blaðið leyfi fyrir birtingu í Lögreglumanninum.)

UNGUR MAÐUR missir meðvitund og er fluttur á sjúkrahús. Fram kemur að yfirlit hafa verið endurtekin undanfarnar vikur. Ekki finnst fullnægjandi skýring á yfirlitunum og er hann útskrifaður heim, en fyrirhugaðar frekari rannsóknir og eftirlit. Útskýrt er fyrir honum að hann sé ökuhæfur vegna hættu á endurteknum yfirlitum. Nokkrum vikum síðar er komið með hann á bráðamóttöku með alvarlega áverka eftir að hafa misst meðvitund undir stýri og valdið árekstri. Í viðtali við lækni í endurkomu eftir slysið er ítrekað að viðkomandi sé ekki ökuhæfur, en hann mótmælir því og bendir á að hann hafi undir höndum gilt ökuskríteini.

Í 44. gr. umferðarlaga er tilgreint að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna ökutæki ef hann vegna veikinda, hrörnunar, ofreynslu, svefnleysis, neyslu áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna eða annarra orsaka, er þannig á sig kominn að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Í þessum tilvikum segir læknir fólki að það sé ekki hæft til aksturs, en greinarhöfundar hafa því miður séð þess þó nokkur dæmi að einstaklingar haldi áfram akstri án þess að vera í ástandi til þess. Ofangreint dæmi er byggt á raunverulegum atburðum og því miður eru til margar hliðstæðar og jafnvel verri sjúkrasögur.

Erlendar rannsóknir hafa bent til þess að þeir sjúkdómar sem líklegastir eru til þess að valda aukinni hættu á slysum eru heila-

bilun og kæfisvefn, ef frá er talin misnotkun áfengis og lyfja (1).

Til að reyna að fá einhverjar upplýsingar um umfang þessa vandamáls var lagður spurningalisti fyrir nokkra hópa af læknum Landspítala um síðustu áramót. Valdir voru lækna deilda sem eru líklegastir til að sinna þeim sem verða ökuhæfir af völdum sjúkdóma eða annarlegs ástands, það er slysa- og bráðadeild, taugalækningadeild, hjartalækningadeild og öldrunarlækningadeild.

Alls var spurningalistinn lagður fyrir 42 lækna og reyndust 27, eða 64% þeirra, hafa orðið varir við að sjúklingar hafi haldið áfram akstri gegn ráðleggingum lækna. Í 52 tilvikum vissu læknarnir til þess að sjúklingur hefði á síðasta ári valdið skaða eftir að hafa ekið bíl án þess að vera líkamlega hæfur til þess. Algengast var að einstaklingar með flogaveiki og heilabilun hefðu ekki hlýtt fyrir mælum lækna um að hætta akstri, en meðal annarra þátta sem nefndir voru var misnotkun lyfja og áfengis, óskýrð yfirlit, sykursýki, kæfisvefn og sjónskerðing.

Könnun okkar er ekki vísindarannsókn á umfangi vandans hér á landi, en staðfestir að mati okkar að hér sé um raunverulegt vandamál að ræða í íslensku samfélagi. Óhæfir ökumenn eru í umferðinni og skapa sjálfum sér og öðrum vegfarendum raunverulega hættu.

Með setningu umferðarlaga nr. 50/1987 var gerð sú breyting að eftir að ökumenn hafa haft tímabundin ökuréttindi í tvö ár án vandræða geta þeir fengið fullnádörökuréttindi sem gilda til 70

ára aldurs. Ljóst er að á því 51 ári sem getur liðið þar á milli geta einstaklingar orðið ökuhæfir af ýmsum ástæðum. Er þeim þá skylt að hætta akstri, en ábyrgðin á því er alfarið lögð á herðar einstaklingsins og heldur hann því ökuréttindum þótt heilsan bili. Í eldri lögum var gerð krafa um nýtt læknisvottorð með reglulegu millibili til endurnýjunar ökuréttinda.

Samkvæmt 15. grein lækna-laga nr 53/1988 ber lækni að gæta fyllstu þagmælsku gagnvart sjúklingum sínum, en undanþága frá því ákvæði er til staðar sé rökstudd ástæða til þess að rjúfa þagmælsku vegna brýnnar nauðsynjar. Þykir okkur þetta ákvæði í raun veita lagaheimild fyrir því að læknir rjúfi trúnað við sjúkling og tilkynni það þegar hann er, vegna sjúkdóms eða annars ástands, ekki lengur ökuhæfur. Venja er að í málum sem varða morð og ofbeldi gegn börnum gangi tilkynningaskylda heilbrigðisstarfsfólks út yfir þagnarskyldu. Er það rökstutt með því að vernda þurfi með öllum ráðum saklausa borgara sem ekki hafa tök á að verja sig. Í umferðinni gildir á vissan hátt hið sama; vegfar—endur geta ekki varið sig gagnvart þeirri hættu sem skapast af óhæfum ökumönnum og því verður að tryggja öryggi vegfarenda eftir öðrum leiðum.

Í einhverjum nágrannalöndum okkar hefur á grundvelli hliðstæðra ákvæða í lögum verið komið á tilkynningaskyldu, þannig að læknum sé skylt að láta vita af þeim sem ekki eru ökuhæfir. Það hefur verið talið leiða til þess

að sjúklingar leyni einkennum sínum frekar fyrir læknum og því yfirleitt talið valda fleiri vandamálum en það leysir (2). Til þess að sjúklingar leiti til lækna þurfa þeir að geta treyst því að læknir standi ávallt vörð um hagsmuni skjólstæðinga sinna. Gefi læknir út úrskurð um að viðkomandi sé ekki ökuhæfur og tilkynni til lögreglu yfirvalda er hætt við að sjúklingi finnist læknir vera að vinna gegn hagsmunum sínum.

Á vegum endurhæfingardeilda Landspítala er nú framkvæmt staðlað mat á ökuhæfni sjúklinga. Er því einkum beitt eftir alvarleg veikindi þar sem augljóst er að skerðing hefur orðið á færni viðkomandi. Er mikil framför í slíku stöðluðu mati og æskilegt að það sé framkvæmt í mun fleiri tilvikum. Til þess að slíkt mat geti tekið á öllum þeim vandamálum sem tengjast ökuhæfni er nauðsynlegt að hægt sé að leita sérþekkingar ýmissa aðila, svo sem augnlækna, iðjuþjálfara, hjartalækna,

taugalækna, ökukennara og öldrunarlækna.

Til greina hlýtur að koma að aðrir en læknar geti vísað málum til nánara mats á ökuhæfni, til dæmis ættingjar sem eru farnir að hafa áhyggjur af ökulagi fjölskyldumeðlims. Í könnun okkar reyndust 93% aðspurðra lækna telja nauðsynlegt að til staðar væri slík sjálfstæð þjónusta til þess að meta ökuhæfni sjúklinga.

Að mati okkar er sjálfsagt að lögregla hafi einnig víðar heimildir til þess að krefjast nánara mats á ökuhæfni einstaklinga. Við höfum heyrt lögreglumenn lýsa mörgum tilfellum þar sem þeir verða varir við óökuhæfa einstaklinga í umferðinni án þess að hafa fullnægjandi leiðir til þess að bregðast við. Í slíkum tilvikum ætti lögreglumaður að geta svipt einstakling ökuréttindum tímabundið, þar til að hann hefur undirgengist fullnægjandi mat á heilsufari sínu og ökuhæfni til þess að meta hvort rétt sé að hann haldi ökuréttindum áfram.

Í 53. grein umferðarlaga er að finna heimild fyrir lögreglustjóra til þess að afturkalla ökuréttindi ef hlutaðeigandi fullnægir ekki lengur skilyrðum til að öðlast ökuskrteini. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vegfarenda með öðrum og mildari leiðum teljum við nauðsynlegt að því úrræði verði beitt oftar. Líf okkar allra og heilsa í umferðinni er í húfi.

Heimildir


1. Longo MC, Hunter CE, Lokan RJ, White JM, White MA. The prevalence of alcohol, cannabinoids, benzodiazepines and stimulants amongst injured drivers and their role in driver culpability. *Acc Anal Prev* 2000; 32: 613-22.
2. Lee W, Wolfe T, Shreeve S. Reporting epileptic drivers to licensing authorities is unnecessary and counterproductive. *Ann Emerg Med* 2002; 39: 656-9.



Hjördís, Karl og Ágúst við Skíðaskálabrekkuna.



Sigurður og Þröstur á leið í köfunarverkefni.



Myndasýrpa



Lögreglumenn í Keflavík á brunavettvangi.



Theodór, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi og Þorvaldur, úti-
varðstjóri í Reykjavík á Grundartangahöfn, Jón Óttar á bak við.



Höskuldur Erlingsson og hundurinn hans.



Árni og Ellert bregða á leik.



Steinar Gunnarsson og hundurinn hans.

Kristján Örn Kristjánsson

Vinnutímamál

Eru lögreglumenn á öðrum kjörum á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu fyrir sömu vinnu?

Mitt svar: Já

Rökstuðningur: Eftir að hafa lokið Lögregluskólanum starfaði ég um hríð hjá lögreglunni í Reykjavík (LR). Í starfsnáminu var ég líka þar og á þeim tíma var verið að breyta vaktkerfinu og aðlaga það nýjum aðstæðum sem snerust um skipulag vinnutíma og kom til vegna tilskipunar Evrópusambandsins nr. 93/104/EB frá 23. nóvember 1992 þess efnis.

Yfirmenn voru mjög meðvit- aðir um reglur þær sem voru í tilskipuninni og gættu þess í hvívetna að þær væru ekki brotnar og ekki væri farið á svig við þær. Hugmyndin að baki reglum þessum er að vernda starfsmenn og heilsu þeirra þannig að þeir haldi vinnuþreki og séu ánægðari í starfi.

Í starfi mínu hjá LR kom stundum fyrir að herra settur samstarfsfélagi var í fríi og við vissar aðstæður kom það í minn hlut að gegna starfi hans tímabundið, oftast dag og dag en jafnvel part úr degi. Þetta var allt samviskusamlega skráð og fékk ég alltaf laun þess herra setta þær stundir sem ég gegndi starfinu eins og kveðið var á um í kjarasamningi lögreglumanna og er það reyndar enn.

Seinna sótti ég um starf hjá frekar litlu embætti á landsbyggðinni og flutti ég mig og mína þangað. Talsverð yfirvinna var í boði og tók ég það sem að mér var rétt í góðri trú um að ég væri að vinna á sömu kjörum og ég hafði haft aðeins nokkrum vikum áður í sömu vinnu en á öðrum stað.

Ég þurfti að sinna svipuðum verkum og ég hafði áður gert hjá LR og stundum voru aðstæður þannig að ég hafði stjórn á héraðslögreglumönnum þar sem herra settur en ég var ekki til staðar.



Einnig voru mér boðnar aukavaktir með samþykki yfirmanna þegar forföll voru eða þörf var á aukamannafla. Mér var aldrei kynnt að fyrir aukavaktirnar væri bara reiknaður yfirvinnutími en frítökuréttur ekki.

Þegar ég hafði starfað hjá þessu embætti í tvo eða þrjú mánuði gerði ég athugasemdir við þetta og benti á að samkvæmt kjarasamningi ætti ég að fá greidd laun fyrir að gegna stöðu herra setts þær stundir sem ég þurfti að



Kalli Vals og Kristján Örn

sinna þeirri stöðu. Einnig gerði ég athugasemd við að þegar ég vann yfirvinnu að boði yfirmanns áður en ég hafði fengið lágmarkshvöld á sólarhring eða náði ekki lágmarks vikulegum hvíldartíma fengi ég ekki reiknaðan frítökurétt.

Svör yfirmanna voru þau að það væri með samþykki lögreglumannanna að fá aukavinnu og í staðinn mundu þeir afsala sér frítökuréttinum. Mér var gerð grein fyrir því að ég yrði að vera á sama báti og þeir eða afþakka yfirvinnuna ef ég vildi fá frítökurétt reiknaðan.

Eftir þetta varð mér ljóst að yfirmenn mínir gættu ekki réttar míns og enginn annar en ég sjálf-

ur gerði það og því fór ég að hafna yfirvinnu á áður nefndum kjörum.

Við athugasemdinni um staðgengilslaun var mér tjáð að það hafi ekki tíðkast hjá embættinu að menn þiggi laun þess sem þeir leysa af þótt hann væri hærra settur nema á sumrin þegar afleysingin varir í fimm til sex vikur eða lengur.

Sl. fjögur ár hef ég reynt að fá Landssamband lögreglumanna (LL) til að koma að málinu og gæta réttar míns sem bundinn er í kjarasamning og lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Svör LL hafa verið á þá leið að þar sem meirihluti starfsmanna er sáttur við að vinna á þennan

hátt séu hendur þeirra bundnar og þeir geti ekki aðhafst í þessum þáttum.

Það kemur manni spáskt fyrir sjónir að í þessu starfi sem lögreglumenn geti menn sammælt um að brjóta lög og reglur og ef það er gert þá sé það í lagi en þeir sem vilji virða lög og reglu beri skarðan hlut frá borði.

Það getur vel verið að þetta sé einsdæmi og enginn annar lögreglumaður sé í þessari stöðu en það er ofar mínum skilningi að hægt sé í krafti meirihlutans að hlunnfara einstaka starfsmenn í því skjóli.

Höfundur er lögreglumaður á Sauðárkróki

Myndasýrpa



Lúðvík, tæknideildarmaður, á brunavettvangi.



Aðalsteinn, rannsóknarlögreglumaður í Kópavogi, á innbrotsvettvangi.



Lögreglumenn og sýslumenn að fræðast um verkefna-
miðaða löggæslu.



Þrjár lögreglubílar skemmdir eftir eftirför og stöðvun.

Páll E. Winkel, Sveinn Ingiberg Magnússon

Samantekt Landssambands lögreglumanna um starfsumhverfi lögreglumanna og mögulegar úrbætur

Landssamband lögreglumanna hefur á síðustu mánuðum vakið athygli yfirvalda á ýmsum málum er varða starfsumhverfi lögreglumanna og betur mega fara. Í eftirfarandi greinargerð sem tekin var saman af LL koma ýmis atriði fram sem nauðsynlegt er að færa til betri vegar. Samantektin hefur verið afhent ráðamönnum sem tekið hafa vel í málflutning sambandsins og bindur LL miklar vonir við að úrbætur náist í málaflokknum. Útdráttur úr samantektinni birtist hér til upplýsingar fyrir lögreglumenn.

Útdráttur úr greinargerð LL til yfirvalda

Landssamband lögreglumanna hefur á liðnum mánuðum tekið saman athugasemdir félagsmanna er varða starfsumhverfi lögreglumanna. Meginmarkmið þess er að finna leiðir til að bæta líðan lögreglumanna í starfi í ljósi þeirrar miklu streitu og gríðarlega álags er fylgir starfinu. Er þar að ýmsum atriðum að hyggja. Hér á eftir verða teknir saman helstu þættir er vert er að huga að en ljóst er að til þess að mögulegt verði að bæta úr vissum annmörkum þurfa allir þeir aðilar er koma að skipulagi og uppbyggingu lögreglu að leggja hönd á plóginn.

Árið 2004 gerði Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands könnun meðal lögreglumanna að beiðni Landssambands lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélags Íslands og dómsmálaráðuneytis. Um var að ræða mjög víðtæka rannsókn en öllum starfandi lög-

reglumönnum var sendur spurningalisti. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að kanna viðhorf lögreglumanna til starfsumhverfis síns og kanna viðhorf þeirra til ýmissa mála er lúta að starfi þeirra. Ýmsar áhugaverðar niðurstöður komu úr könnuninni en það sem hvað mesta athygli LL vakti var ógnvænlega hátt hlutfall lögreglumanna er höfðu orðið fyrir hótunum eða ofbeldi í starfi. Fram kom að 64% lögreglumanna höfðu orðið fyrir hótunum sem þeir tóku alvarlega eða þeir áreittir vegna starfs síns. Þá höfðu 54% lögreglumanna orðið fyrir líkamsmeiðingum í starfi sínu. Loks kom fram að í 41% tilvika hafði hótunum eða öðru alvarlegu áreiti verið beint að fjölskyldum lögreglumanna.

Ofangreindar niðurstöður gáfu LL tilefni til að kanna frekar starfsumhverfi og aðbúnað lögreglumanna. LL gerði nýlega lauslega samantekt um meðallífaldur lögreglumanna. Niðurstaða samantektarinnar er á þann veg að lögreglu-

menn lifa að meðaltali í tæp 67 ár sem er 12 – 13 árum skemur en aðrir borgarar. Er það ekki síst athugunarvert í ljósi þeirrar staðreyndar að lögreglunemar hljóta ekki inngöngu í Lögregluskóla ríkisins nema þeir hafi staðist ítarleg líkamleg próf.

Að mati LL eru mörg atriði sem þarf að kanna og bæta til að gera vinnuumhverfi lögreglumanna viðunandi. Þau eru helst:

1. Meðferð og úrvinnsla mála er varða hótanir eða ofbeldi gagnvart lögreglumönnum.
2. Refsingar vegna hótana/ofbeldis gagnvart lögreglumönnum.
3. Viðbrögð vegna rangra sakargifta borgara í garð lögreglu.
4. Lífeyrisaldur lögreglumanna.

Umfjöllun um hvern tölulið fer hér á eftir þar sem jafnframt verður rökstutt hvers vegna breytinga sé þörf í hverju tilviki.



Lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra er stundum hótað.

1. Meðferð og úrvinnsla mála er varða hótanir eða ofbeldi gagnvart lögreglumönnum

Svo virðist sem ákveðið þekkingar- og áhugaleysi einkenni afgreiðslu mála þegar skráð eru tilvik vegna hótana/ofbeldis gagnvart lögreglumönnum. Bæta þarf vinnslu slíkra mála á öllum stigum.

Sérstök kæra

Í sumum tilvikum er viðkomandi lögreglumanni gert að leggja fram sérstaka kæru þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli um að afstaða lögreglumanns hafi ekki áhrif á framgang málsins. Er þá jafnframt gert ráð fyrir að ekkert verði úr máli ákveði lögreglumaður að leggja ekki fram kæru. Má í þessu sambandi nefna tilvik er komu fram á liðnu ári þar sem þekktur brotamaður sló til lögreglumanns við skyldustörf á Keflavíkurflugvelli en þar sem viðkomandi lögreglumaður neitaði að leggja fram kæru var málið lagt upp. Fyrir liggur að afstaða þess lögreglumanns er verður fyrir árás eða hótun á lögum samkvæmt ekki að hafa áhrif á rannsókn eða niðurstöðu um framgang máls.

Brot gegn valdstjórn er hluti af stærra máli

Þegar brot gegn valdstjórn er hluti af stærra máli sem lagt er upp (þ.e. fellt niður) er sá hluti í vissum tilvikum einnig lagður upp þar sem um einu og sömu skýrsluna er að ræða. Sum embætti hafa brugðist við með þeim hætti að gera lögreglumönnum að skrifa sérstaka skýrslu á þann hluta er varðar ofbeldi gegn lögreglu. Að mati LL er það með öllu ólíkandi að gallar í skráningarkerfi lögreglu verði þess valdandi að mál, sem eðlilegt er að vinna frekar, falli niður.

Lögreglumaður verður ekki fyrir líkamstjóni

Þegar lögreglumenn verða ekki fyrir líkamstjóni eða verða fyrir minni háttar tjóni vegna brota gegn 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (brot gegn valdstjórn) eru mál nánast undantekningarlaust lögð upp. Er það með öllu óskiljanlegt í ljósi þess að brot á 106. gr. alm. hgl. er samhverft, þ.e.

brot telst fullframið án tillits til afleiðinga. (Í samantektinni eru nefnd einstök dæmi til rökstuðnings).

Málshraði

Afar algengt er að rannsókn mála varðandi hótanir eða ofbeldi gegn lögreglu dragist verulega. Er þess dæmi að margir mánuðir eða ár hafi liðið frá því að skýrsla er rituð um málið uns frekari vinnsla fer fram. Að mati LL ber að leggja mikla áherslu á að slík mál hljóti efnislega rannsókn eins fljótt og auðið er.

Afdrif mála

LL fór þess á leit við embætti ríkislögreglustjóra að gerð yrði samantekt um fjölda skráðra mála og hvernig afgreiðslu málin fengju. Í eftirfarandi samantekt kemur fram að miklum meirihluta mála lýkur án ákærumeðferðar og dóms.

	2001	2002	2003	2004	2005
Ákærumeðferð	19	20	25	22	7
Ólokið	9	3	3	8	39
Lagt upp/fellt niður	35	30	40	20	0
Rannsókn hætt	16	13	17	27	13
Áminning/sekt	0	3	2	1	1
Samtals mál	79	69	87	78	60

Í töflunni má sjá að hlutfall ólokinna mála árið 2005 er töluvert hærra en árin á undan. Helgast það af því að rannsókn þeirra mála sem kærð hafa verið á árinu 2005 er ekki lokið.

Eins og fram kemur í eftirfarandi töflu lýkur aðeins litlum hluta þeirra mála sem send eru í ákærumeðferð með efnislegri meðferð og dómi.

Máli lokið með dómi	
2001	10
2002	5
2003	12
2004	4
2005	1

Afstaða ákærvalds til brota á 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

LL hefur orðið þess vart að fulltrúar ákærvalds telja í vissum til-

vikum árásir eða hótanir gegn lögreglu léttvæg brot. Slíkt endurspeglast vissulega í því hve mörg mál enda með niðurfellingu eða tekin er ákvörðun um að hætta frekari rannsókn. Þá eru jafnvel til dæmi um að fulltrúar ákærvalds telji þá valdbeitingu er lögregla hefur beitt í kjölfar árásar næga „refsingu“ fyrir viðkomandi, sbr. eftirfarandi svar fulltrúa ákærvalds við ónefnt embætti er lögreglumaður fékk fyrir skemmstu:

„Mig minnir að ég hafi borið þetta undir xx eða yy og við hafi [sic] komist að þeirri niðurstöðu að hætta rannsókn.

Ég man þetta ekki alveg skýrt en eitthvað rámar mig í að það hafi verið beitt piparúða og maðurinn handtekinn og því ákveðið að ákæra ekki en heldur láta frelsissviptinguna og piparúðan [sic] duga sem nægilega refsingu. Ég er svo sem ekkert alltaf sammála stefnunni í

þessum málum en mér skilst að menn séu ekki alltaf sektaðir fyrir þessi brot.“

2. Refsingar vegna hótana/ofbeldis gagnvart lögreglu

Refsirammi vegna brota gegn 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er 6 ára fangelsisrefsing. Í þeim tilvikum er afleiðing árásar fellur undir 218. gr. alm. hgl. ber að ákæra fyrir brot gegn 106. og 218. gr. og refsirammi 16 ára fangelsisrefsing. Eins og eftirfarandi samantekt á dómum, er fallið hafa og varða ofbeldi eða hótanir gegn lögreglumönnum, ber með sér fer fjarmi að refsirammi ákvæðisins sé notaður nema að afar takmörkuðu leyti. Samantektin er unnin upp úr gagnagrunni Fangelsismálastofnunar ríkisins og tekur til allra dóma þar sem einstaklingar hafa verið sakfelldir fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Aðeins eru teknir fyrir dómur þar sem einungis er dæmt



Ofbeldi á sér margar hliðar.

fyrir brot gegn 106. gr. eða önnur brot eru smávægileg og ekki líkleg til að hafa mikil áhrif til refsipýngingar. Tekin eru fyrir árin 2003, 2004 og fyrri hluti 2005. Í samantektinni er gerð grein fyrir verknadarlýsingu, afleiðingum árársar, brotaferli dómþola og dæmdum viðurlögum. Sérstaklega er bent á að aðeins í tveimur tilvikum var annar fulltrúi valdstjórnar en lögregla brotaþoli. Var þar annars vegar um að ræða hótun í garð fangavarðar við Fangelsið Litla-Hraun en hins vegar árás gegn lækni. Afrit af dómunum fylgdi samantektinni.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 11. febrúar 2003

DWJ dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað lögreglumann við skyldustörf í andlit með þeim afleiðingum að gleraugu brotnuðu, hlaut vægan roða á augnslímhúð og bólgu og roða á húð yfir kinnbeini. Jafnframt var DWJ dæmdur fyrir að hafa sama kvöld bitið lögreglumann í hægri framhandlegg með þeim afleiðingum að hann hlaut tvö nokkuð djúp sár og mar. Brotaferill enginn. Dæmdur í 90 daga fangelsisrefsingu en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið til 2 ára.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 11. febrúar 2003

VEÞ dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa sparkað í höfuð lögreglumanns er var við skyldustörf með þeim afleiðingum að hann hlaut blóðgúl og grunnt sár undir hægri augabrún. Brotaferill enginn. Dæmdur til 60 daga fangelsisrefsingar en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 27. febrúar 2003

BÞE dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa skallað lögreglumann við skyldustörf í andlit með þeim afleiðingum að hann bólgaði og marðist á hægri augabrún og hægra kinnbeini, auk þess að hljóta tímabundnar sjóntruflanir og verki í hægri auga. Með dómi þessum rauf dómþoli skilorð fyrri dóms þar sem ákvörðun um refsingu hafði verið frestað skilorðsbundið. Dæmdur til 30 daga fangelsisrefsingar en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 23. apríl 2003

GÓ dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veist að lögreglumanni við skyldustörf og slegið hann hnefahöggi með þeim afleiðingum að yfirborðsáverkar

urðu á kinnbeini. Ákvörðun um refsingu var frestað skilorðsbundið í 1 ár þrátt fyrir að ári áður hafi ákvörðun um refsingu viðkomandi verið frestað skilorðsbundið vegna gripdeildar.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands uppkveðinn 19. maí 2003

MBM dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa ráðist á lögreglumann, tekið hann kverkataki og hert að þannig að honum lá við köfnun. Afleiðingar árársar urðu þær að lögreglumadurinn fékk höfuðverk, kenndi stírdleika og eymsla í hálsi, hlaut húðblæðingar aftan á hálsi og blæðingu inn á auga. Við ákvörðun refsingar var tekið tillit til þess að dómþoli átti langan brotaferil en honum hafði 9 sinnum áður verið gerð refsing og þess að árásin var hatrömm og ofsafengin. Dæmdur til 3 mánaða fangelsisrefsingar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 12. september 2003

JG dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni og vopnalögum með því að hafa beint ólöglegum fjaðrahnífi á ógnandi hátt gegn tveimur lögreglumönnum. Tekið fram að brotaferill dómþola hefði ekki áhrif á refsingu. Dæmdur í 1 mánaðar fangelsisrefsingu en fullnustu hennar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 12. september 2003

AG dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa á heimili sínu ráðist á lögreglumann við skyldustörf, skallað í andlit hans og sparkað með þeim afleiðingum að hann hlaut mar, yfirborðsáverka á hné og fótlegg og umhverfis munn. Tekið fram að brotaferill hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur til 1 mánaðar fangelsisrefsingar en fullnustu hennar frestað skilorðsbundið í 1 ár.

Dómur Héraðsdóms Vestfjarða uppkveðinn 18. september 2003

ÓÁ dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, þá er

lögregla hafði afskipti af honum vegna slagsmála, bitið lögreglumann í vísifingur vinstri handar svo af hlaust bólga og að hafa ráðist gegn öðrum lögreglumanni og slegið tvisvar sinnum til hans með kreptum hnefa og í tvö skipti með handjárnnum sem voru læst um annan úlnlið hans. ÓÁ átti talsverðan brotaferil og hafði m.a. áður verið gerð refsing fyrir brot gegn 1. mgr. 157. gr., 259. gr. og 1. mgr. 217. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Þá var litið til þess við ákvörðun refsingar að hann hafði sýnt einbeittan árásvilja. Dæmdur til 2 mánaða fangelsisrefsingar, skilorðsbundið í 3 ár.

AEA dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa í ofangreint skipti er lögregla hafði afskipti af honum og ÓÁ skallað lögreglumann í andlitið með þeim afleiðingum að efri vör hans sprakk og sár kom á vörina innanverða. Tekið fram að AEA ætti talsverðan brotaferil, tvívegis verið dæmdur í skilorðsbundna fangelsisrefsingu. Þriggja mánaða fangelsisrefsing samkvæmt fyrri dómi dæmd upp. Dæmdur í 4 mánaða fangelsisrefsingu.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness uppkveðinn 5. nóvember 2003

HEH dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið í hansaklædda vinstri hönd lögreglumans er var að sinna skyldustörfum með þeim afleiðingum að hann marðist á hendi lófa- og handarbaksmegin. Tekið fram að brotaferill hefði ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Dæmdur til greiðslu sektar, 70.000 kr. Vararefsing ákvörðuð 16 dagar.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðinn 20. nóvember 2003

GEG dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veitt lögreglumanni högg í andlitið með þeim afleiðingum að hann bólgnaði yfir hægri augabrún og marðist um bæði augu. Tekið fram að brotaferill hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur í 30 daga fangelsisrefsingu en fullnustu frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness uppkveðinn 12. desember 2003

ÞJS dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa bitið lögreglumann við skyldustörf. Dæmdur til greiðslu sektar, 50.000 kr. vararefsing ákveðin 12 dagar.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 9. janúar 2004

BÓ dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa á heimili sínu ráðist að lögreglumanni, tekið hann kverkataki, hrint honum, slegið hann hnefahöggi í andlitið, klipið hann og klórað, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð á neðri vör, sár á munnviki hægra megin, mar og klórför við handarkrika, mar á herðablaði og mar á olnboga og úlnlið. Enginn brotaferill. Dæmdur í 30 daga fangelsisrefsingu en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 17. maí 2004

KS dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa í fangaeymslu lögreglu skallað lögreglumann í höfuðið með þeim afleiðingum að hann bólgnaði aftan við vinstra eyra. Nokkur brotaferill en tekið fram að hann hefði ekki áhrif við ákvörðun refsingar. Dæmdur í 30 daga fangelsisrefsingu en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðinn 25. maí 2004

SDÓ dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann ítrekað í höfuð og bók, sparkað í sköflung hans og klórað í andlit, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut sár á efri vör og fjóra marbletti og skafsár á hægri fótlegg. SDÓ átti ekki brotaferil. Dæmdur til 60 daga fangelsisrefsingar en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðinn 10. september 2004

BÞS dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veitt lögreglumanni sem var við stýri lögreglubifreiðar fyrirvaralaust högg á vinstri vanga svo af hlutust eymsl og doði. Tekið fram að BÞS ætti nokkurn brotaferil en með dómi þessum var dæmd upp 7 mánaða fangelsisrefsing samkvæmt fyrri dómi. Dæmdur í 8 mánaða fangelsisrefsingu.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness uppkveðinn 26. október 2004

ÓBP dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann með kreptum hnefa í andlitið með þeim afleiðingum að hann marðist í andliti, vör sprakk og tönn sem losnaði þurfti að fjarlægja. Tekið fram að brotaferill ÓBP hefði ekki áhrif á ákvörðun refsingar. Dæmdur í 30 daga fangelsisrefsingu en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 25. janúar 2005

GV dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið lögreglumann er var að sinna skyldustörfum hnefahöggi í andlitið með þeim afleiðingum að hann bólgnaði á nefhrygg og hlaut sár innanvert á efri vör. Enginn brotaferill. Dæmdur í 45 daga fangelsisrefsingu en fullnustu frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 1. mars 2005

ÓSB dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa slegið nokkrum sinnum til lögreglumanns sem tókst að verjast flestum höggunum en féll loks aftur fyrir sig og hrint öðrum lögreglumanni svo hann féll í götuna, sparkað í andlit hans og slegið ítrekað í höfuð. Við það marðist og bólgnaði lögreglumadurinn á vinstra kinnbeini og hlaut rispúr hægra megin á enni, á hægri úlnlið, vinstri olnboga og vinstra hné. ÓSB átti talsverðan brotaferil, verið refsað 6 sinnum fyrir líkamsárásir og dómur þessi var hegningarauki við 15 mánaða

fangelsisrefsingu samkvæmt fyrri dómi. Dæmdur í 6 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðinn 10. júní 2005

PS dæmdur fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa veitt lögreglumanni hnefahögg aftan á hálsinn en við höggið féll lögreglumaðurinn í gangstéttina, allt með þeim afleiðingum að hann marðist og bólgaði á hálsi og hruflaðist á hné. Þá var hann jafnframt dæmdur fyrir að hafa í framhaldinu veitt öðrum lögreglumanni hnefahögg vinstra megin í andlitið með þeim afleiðingum að hann marðist og bólgaði í andliti. Enginn ferill. Dæmdur í 4 mánaða fangelsisrefsingu en fullnustu refsingar frestað skilorðsbundið í 2 ár.

Til frekari glöggvunar á refsingum fyrir brot gegn 106. gr. alm. hgl. tók LL saman yfirlit um refsingar fyrir brot gegn ákvæðinu frá 1984 fram til 1. nóvember 2005. Alls höfðu 226 einstaklingar verið

dæmdir fyrir brot gegn 106 gr. á tímabilinu en sérstaka athygli vakti að aðeins í 9 tilvikum höfðu einstaklingar verið dæmdir í meira en 1 árs fangelsisrefsingu. Þá skal tekið fram að í öllum tilvikum þar sem refsing var eitt ár eða meira var jafnframt um að ræða alvarleg og margþætt brot gegn öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem og sérrefsilögum. Yfirlitið var fengið frá Fangelsismálastofnun ríkisins og tók til allra dóma sem höfðu borist stofnuninni til fullnustu á tímabilinu.

3. Viðbrögð vegna rangra sakargifta borgara í garð lögreglu

Afar algengt er að borgarar leggi fram kærur vegna meintra brota lögreglumanna við skyldustörf. Í því felst verulegt aðhald fyrir lögreglu þegar slíkar kærur eru á rökum reistar. Á hinn bóginn liggur fyrir að flestar slíkar kærur eru dylgjur einar og málin lögð upp þegar ítarleg rannsókn hefur átt sér stað. Ekki þarf að fjölyrða um hve

mikil áhrif kærur í garð lögreglumanna hafa á líf þeirra er sakaðir eru um refsiverða háttsemi við framkvæmd skyldustarfa. Slíkt kann að hafa í för með sér missi starfs, refsidóm og ærumissi. Landssamband lögreglumanna hefur því lagt á það mikla áherslu að lögreglumenn leggi fram kærur vegna rangra sakargifta þegar ásakanir borgara hafa ekki byggst á staðreyndum eða eru jafnvel uppsuni frá rótum. Hins vegar leggur ákærvaldið ekki áherslu á að fylgja þeim málum eftir og daga þau þar uppi. Að mati LL er það með öllu óþolandi þar sem ljóst er að koma þarf þeim skilaboðum til einstaklinga er leggja fram rangar sakargiftir að slíkt verði ekki liðið.

Er það mikið hagsmunamál fyrir lögreglumenn að stefnubreyting verði hjá ákærvaldi í málum er varða rangar sakargiftir í garð lögreglumanna.

Landssamband lögreglumanna getur aflað upplýsinga um afdrif einstakra mála er þessu tengjast verði eftir því leitað.

4. Lífeyrisaldur lögreglumanna

Árið 2001 náðist sá stóri áfangi í kjarasamningum Landssambands lögreglumanna við ríkissjóð að lífeyrisaldur lögreglumanna var lækkaður úr 70 árum í 65 ár. Í ljósi þess mikla álags sem lögregla býr við í starfi og að meðallífaldur lögreglumanna er lægri en hjá öðrum stéttum telur Landssamband lögreglumanna eðlilegt að skoðað verði gaumgæfilega hvort ekki sé tilefni til að lækka lífeyrisaldur lögreglumanna enn frekar.

Páll E. Winkel



Það má líka kætast við að hætta. Snæbjörn smellir kossi á Guðmund.

Íþróttasamband lögreglumanna

Úrslitakeppni Evrópumeistaramóts lögreglumanna í körfuknattleik

Dagana 21. til 26. nóvember sl. fór fram úrslitakeppni Evrópumeistaramóts lögreglumanna í körfuknattleik á Kýpur. Undankeppnin hafði farið fram sl. vor í fjórum riðlum. Þá kepptu Íslendingar í riðli með Bretum og Hollendingum og fór keppnin í okkar riðli fram í Cardiff í Wales. Skemmst er frá því að segja að við unnum þann riðil, Hollendingar urðu í öðru sæti og Bretar töpuðu bæði fyrir okkur og Hollendingum og urðu því í þriðja og neðsta sæti og áttu því ekki að komast í úrslitakeppnina á Kýpur.

Eftir að piltarnir höfðu æft stíft í allt haust, undir stjórn Ellerts Magnússonar, var komið að því að leggja upp í langa ferð til Kýpur. Lagt var upp í ferðina frá Keflavíkurflugvelli eftir miðjan dag laugardaginn 19. október og millilent í London á leið okkar

til Kýpur. Laust fyrir kl. 5 morguninn eftir lenti vél Cyprus Airways á Larnaka og að því loknu var farið í rútu til Limassol, þar sem keppnin fór fram. Þangað var komið um kl. 6 um morguninn og hafði ferðalagið þá tekið um 18 tíma frá því lagt var af stað frá Reykjavík.

Keppnin hófst svo þriðjudaginn 22. nóvember og var keppt í tveimur riðlum, í öðrum riðlinum voru Ísland, Litháen, Kýpur og Bretland og í hinum riðlinum Grikkland, Úkraína, Búlgarí og Holland. Athygli vakti að Bretar voru komnir inn í sjálfa úrslitakeppnina, en þeir höfðu ekki náð slíkum árangri þar sem þeir voru í neðsta sæti í sínum riðli í vor þegar undankeppnin fór fram. En ástæða þess að þeir voru mættir var að þeir höfðu fyllt skarð Frakka sem ekki áttu heimangengt vegna ástandsins þar í landi, en

eins og menn vita hafa verið mikil uppþot á meðal innflytjenda í Frakklandi í haust.

Lið Íslands skipuðu eftirtaldir leikmenn: Hjálmar Hallgrímsson fyrirliði og Jóhannes Kristbjörnsson frá Keflavík, Jón Þór Jónsson og Þorsteinn Þorsteinsson frá Reykjavík, Baldur Þorleifsson frá Stykkishólmi, Lúðvík Kristinsson, Sveinn Ægir Árnason og Hrafn Grétarsson frá Ríkislögreglustjóranum, Halldór Sveinsson og Jón Gunnar Sigurgeirsson frá Hafnarfirði, Trausti Jónsson Borgarnesi og Guðmundur H. Jónsson frá Selfossi. Þjálfari liðsins var Ellert Magnússon og liðsstjóri var hinn síungi Sigurður Benjamínsson. Fararstjórar undirritaður og Óskar Bjartmarz, sem kom síðar til leiks en við hinir.

Fyrsti leikur okkar var þriðjudaginn 22. nóvember kl. 16:00, við Litháen, og var byrjunarlið



Lið ÍSL, í bolum frá Jóa Útherja.

Íþróttasamband Lögreglumanna

Lúlli, Krummi og Svenni ásamt Róbertsson, fyrrverandi framkvæmdastjóra Nató, sem kom á lestarstöð eina í London til að kasta kveðju á fyrrverandi lífverði sína.

okkar skipað þeim Hjálmari, Jóa, Þorsteini, Jóni Þór og Baldri. Staðan eftir fyrsta leikhluuta var 16 – 12 Litháum í vil. Í hálfleik var staðan 44 – 23 og eftir þriðja leikhluuta var staðan 71 – 31 og leiknum lauk svo með sigri Litháa 88 – 40. Jói og Trausti skorðu 6 stig hvor, þeir Þorsteinn og Jón Þór 5 stig hvor, Baldur og Halldór 4 stig hvor, Lúlli, Svenni og Jón Gunnar 3 stig hver og Hjálmar 1 stig.

Annar leikurinn var við Breta, miðvikudaginn 23. nóvember kl. 15:00. Þeir Jói, Trausti, Jón Þór, Þorsteinn og Lúlli hófu leikinn. Bretar, sem höfðu tapað stórt fyrir Kýpur á þriðjudeginum eða með 87 stigum gegn 49, hófu leikinn af miklum krafti og komust í 14 – 0, eftir um þriggja mínútna leik. Staðan eftir fyrsta leikhluuta var 20 – 8 fyrir Breta. Í hálfleik var staðan 36 – 23 fyrir Breta. Það var síðan ekki fyrr en í miðjum þriðja leikhluuta sem við vöknudum almennilega til leiksins og fórum þá að saxa á forskot Breta og var staðan í lok þess leikhluuta 48 – 42 fyrir Breta. Við héldum síðan áfram að saxa á forskot þeirra og það var ekki síst fyrir frábæra frammistöðu fyrirliðans Hjálmars Hallgrímssonar að okkur tókst að komast yfir í stöðuna 52 – 50 eftir þriggja stiga körfu fyrirliðans. Við unnum síðan leikinn með 59 stigum gegn 54 stigum Breta. Leikurinn var mjög spennandi í lokin og alveg með ólíkindum hversu vel tókst að snúa leiknum okkur í vil með mikilli baráttu og áræðni okkar manna og voru þar fremstir í flokki þeir Hjálmar, Jón Þór, Þorsteinn, Jói, Trausti og Baldur og í raun má segja að allt liðið hafi barist á fullu við að inn-



byrða þennan sigur og ekki má gleyma þjálfaranum sem stýrði liðinu til glæsilegs sigurs í þessum leik þar sem ekkert benti til þess framan af leiknum. Jón Þór var stigahæstur okkar manna með 21 stig og fór á kostum, Hjálmar skoraði 8 stig og stóð sig einnig mjög vel í leiknum sem og flestir aðrir, þeir Baldur og Þorsteinn skorðu 7 stig hvor, Jói og Trausti 6 stig hvor og Halldór 4 stig.

Þriðji leikurinn var síðan fimmtudaginn 24. nóvember kl. 15:00, gegn gestgjöfunum. Kýpverjar höfðu tapað fyrir Litháum með aðeins tveimur stigum daginn áður. Byrjunarlið okkar var þannig skipað: Jói, Jón Þór, Þorsteinn, Baldur og Hjálmar. Leikurinn fór vel af stað og áttum við í fullu tré við heimamenn til að byrja með og vorum nokkrum sinnum yfir í fyrsta leikhluuta sem þó endaði með 19 stigum Kýpverja gegn 16 stigum okkar manna. Staðan í hálfleik var 54 – 33 fyrir Kýpur. Eftir þriðja leikhluuta var staðan 77 – 48 fyrir Kýpur. Okkur tókst síðan aðeins að laga stöðuna í fjórða og síðasta leikhluuta og lauk leiknum með sigri Kýpverja 91 – 70. Jón Þór skoraði 17 stig í leiknum, Jón Gunnar 8 stig, Jói 7 stig, þeir Þorsteinn, Baldur, Guðmundur, Sveinn og Halldór 6 stig

hver, Trausti 5 stig, Lúlli 2 stig og Hjálmar 1 stig.

Að riðlakeppninni lokinni voru Litháar eftir með fullt hús stiga, Kýpverjar í öðru sæti, Íslendingar í því þriðja og Bretar ráku lestina í neðsta sæti. Grikkir unnu hinn riðilinn, Úkraínumenn urðu í öðru sæti, Búlgarar í því þriðja og Hollendingar ráku lestina og urðu í fjórða sæti. Þá var komið að undanúrslitum og að spila um sæti. Fyrstu tvær þjóðirnar í hvorum riðli spiluðu í kross og síðan úrslit og hinar þjóðirnar spiluðu beint um sæti. Litháar unnu Úkraínu og spiluðu því úrslitaleikinn við Grikki sem unnu Kýpverja í undanúrslitum. Um 7. sætið spiluðu Bretar og Hollendingar og lauk leiknum með sigri Hollendinga. Íslendingar og Búlgarar spiluðu um 5. sætið og unnu Búlgarar og lentum við því í 6. sæti. Úkraínumenn unnu Kýpverja og urðu í þriðja sæti og Litháar urðu síðan Evrópumeistarar eftir að hafa lagt Grikki að velli.

Leikur okkar við Búlgara um 5. sætið, sem fram fór föstudaginn 25. nóvember kl. 10:00, byrjaði nokkuð vel og mátti sjá stöðuna 12 stig okkar manna gegn 5 stigum Búlgara og var staðan 20 – 16 fyrir Ísland eftir fyrsta leikhluuta. Í hálfleik var staðan hins vegar 37

Íþróttasamband Lögreglumanna

– 28 Búlgörum í vil og eftir þriðja leikhluta var staðan 54 – 38 fyrir Búlgaríu. Leiknum lauk síðan með 82 – 44 fyrir Búlgaríu. Jón Þór skoraði 12 stig í leiknum, Jói 10 stig, Þorsteinn 9 stig, Jón Gunnar 6 stig, þeir Baldur, Trausti og Hjálmar skoruðu 2 stig hver og Hrafn 1 stig.

Það verður að teljast mjög ásættanlegt að hafa náð 6. sæti í

þessari keppni þar sem tólf þjóðir hófu keppni. Fyrir hönd ÍSL vil ég þakka leikmönnum liðs okkar fyrir drengilega keppni og skemmtilega ferð til Kýpur, þar sem þeir voru til mikillar fyrirmyndar jafnt utan vallar sem innan og síðast en ekki síst vil ég nota tækifærið og færa þjálfara liðsins, Ellert Magnússyni, og liðsstjóranum Sigurði Benjamínssyni þakkir

fyrir gott og óeigingjarnt starf við undirbúning liðsins fyrir þessa keppni.

*Hálfván Daðason
Stjórnarmaður ÍSL*

Landsmót ÍSL í skotfimi 2005

Löksins, löksins kunna eflaust einhverjir að segja þegar þeir lesa þetta! Okkur í Lögreglufélagi Suðurnesja var falið það verkefni á síðasta ári að halda skotmót ÍSL fyrir árið 2005. Ég fer ekkert í felur með það að mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds þegar ég frétti það því að ef það er eitthvað sem ég hafði ekki hugmynd um hvernig ætti að gera, fyrir utan þyrlluflug og að leysa Sudokuþrautir(!), þá var það hvernig skyldi halda þetta blessaða skotmót! Af ýmsum ástæðum (hvort sem þið trúið því nú eða ekki!) þurfti að fresta mótinu í vor og þess vegna var það ekki haldið fyrr en núna daga-

na 7. – 10. desember sl. Mótið var allt haldið í Egilshöll að þessu sinni og tókst það bara mjög vel. Þetta er í fyrsta skiptið sem allt mótið er haldið í Egilshöllinni og miðað við aðstæður þar og liðlegheit félagsmanna í Skotfélagi Reykjavíkur er það næsta öruggt að mótið verður haldið þar á næstu árum. Þátttakan í mótinu hefur nú svo sem oft verið betri og má kannski að einhverju leyti skrifa það á tímasetningu mótsins. Eins setti það svip sinn á mótið að lögreglumenn frá Akureyri gátu ekki keppt í Glock-keppninni og var vissulega sjónarsviptir að þeim. Eins er það löngu orðið tímabært að liðsmenn sérsveitar

ríkislögreglustjóra fari nú að mæta í Glock-keppnina og skora ég hér með á þá að senda nú sveit á mótið á næsta ári. Það fer að læðast að manni sá grunur að þetta séu tómir kjúklingar sem þori ekki að mæta! En nóg um það, þetta endar sem minningargrein um sjálfan mig ef ég held þessu áfram! Alls mættu 18 keppendur í skotmótið allt en flestir keppendur voru í Glock-keppninni, samtals 14.

Loftskammbýssa

Loftbyssukeppnin var haldin miðvikudaginn 7. desember og mættu 12 keppendur til leiks þar. Úrslit urðu eftirfarandi:



Keppendur í Glock að skjóta af 25 m færi. Frá hægri Kristján Ingi, Guðbrandur og Kristína.

Íþróttasamband Lögreglumanna



Keppendur í sportbyssu, frá hægri: Guðbrandur, Sigurgeir, Jón Óla og Eiríkur

Einstaklingskeppni:

1. sæti

Jónas Hafsteinsson
Kópavogi 558

2. sæti

Þorsteinn Þór Guðjónsson
Reykjavík 535

3. sæti

Eiríkur Ó. Jónsson
Ríkislögreglustjóri 530

Sveitakeppni:

1. sæti

Reykjavík 1583
Þorsteinn Þór Guðjónsson
Kristína Sigurðardóttir
Ingibjörg Ásgeirsdóttir

2. sæti

Akranes 1455
Jón S. Ólason
Jónas Ottósson
Þórir Björgvinsson

3. sæti

Borgarnes 925
Ómar Jónsson
Guðbrandur Reynisson

Stöðluð skambyssa

Lítill þátttaka var í Standardflokkn-um á fimmtudeginum en einungis fjórir keppendur mættu til leiks. Úrslit urðu eftirfarandi:

1. sæti

Jónas Hafsteinsson
Kópavogi 495

2. sæti

Jón S. Ólason
Akranesi 473

3. sæti

Guðbrandur Reynisson
Borgarnesi 438

Opinn flokkur

Átta keppendur mættu í opna flokkinn á föstudeginum, sex í karlaflokki og tveir í kvennaflokki. Það vildi sigurvegara í karlaflokki, Eiríki Ó. Jónssyni, til happs að keppt er sér í kvennaflokki því annars hefði hann orðið í öðru sæti, og það á eftir kvenmanni! Ónefndur maður var duglegur við að benda honum á það! Það stóð annars upp úr í opna flokknum að árangur Kristínu Sigurðardóttur var samtals 13 stig-

um yfir gildandi Íslandsmeti sem er auðvitað glæsilegur árangur þótt hann fái ekki staðfestur. Það gerir árangur hennar enn glæsilegri að Kristína sagðist ekki hafa snert sportbyssuna í fjögur ár(!).... að eigin sögn reyndar! Úrslit í opna flokknum voru annars eftirfarandi:

Karlaflokkur

1. sæti

Eiríkur Ó. Jónsson
Ríkislögreglustjóri 542

2. sæti

Jónas Hafsteinsson
Kópavogi 526

3. sæti

Sigurgeir Arnþórsson
Ríkislögreglustjóri 518

Kvennaflokkur

1. sæti

Kristína Sigurðardóttir
Reykjavík 548

2. sæti

Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Reykjavík 494

Íþróttasamband Lögreglumanna

Glock-byssa

Eins og áður segir mættu 14 keppendur í Glock-keppnina og hefði verið gaman að hafa þá fleiri. Mjög hörð barátta var í einstaklingskeppni karla þar sem Einar Ó. Karlsson frá Keflavíkurflugvelli bar sigur úr bytum eftir harða baráttu við Sigurberg Theodórsson, einnig frá Keflavíkurflugvelli. Sigurbergur byrjaði betur en að lokum fór svo að Einar sigraði með sama stigafjölda og Sigurbergur en Einar var með fleiri x. Þess má svo geta að Kristína sigraði með yfirburðum í kvennaflokknum en hún var reyndar eini keppandinn þar! Sveit Keflavíkurflugvallar var Íslandsmeistari í sveitakeppninni í þriðja sinn á fimm árum sem hlýtur að þýða að við flugvallarmenn megum eiga farandbikarinn góða ef við náum að vinna á mótinu tvisvar í viðbót! Úrslit úr Glock-keppninni urðu eftirfarandi:

Karlaflokkur:

1. sæti

Einar Ó. Karlsson
Keflavíkurflugvöllur 236
(18 x)

2. sæti

Sigurbergur Theodórsson
Keflavíkurflugvöllur 236
(15 x)

3. sæti

Kristján Ingi Hjörvarsson
Borgarnes 234

Kvennaflokkur:

1. sæti

Kristína Sigurðardóttir
Reykjavík 230

Sveitakeppni:

1. sæti

Keflavíkurflugvöllur 683
Einar Ó. Karlsson
Sigurbergur Theodórsson
Friðrik K. Jónsson

2. sæti

Akranes 654
Jón S. Ólason
Jónas H. Ottósson
Þórir Björgvinsson



Sigursveit Keflavíkurflugvallar í Glock. Frá hægri: Friðrik, Einar og Sigurbergur



Friðrik mótstjóri afhendir Kristínu einn af þremur bikurum sem hún fékk þetta kvöldið!

3. sæti

Borgarnes 583
Guðbrandur Reynisson
Kristján Ingi Hjörvarsson
Ómar Jónsson

Lokahóf var svo haldið í sal Lögreglufélags Reykjavíkur um kvöldið þar sem verðlaunaafhending fór fram. Þar var Jón S. Ólason verðlaunaður sérstaklega af Lögreglufélagi Suðurnesja en án hjálpar hefði framkvæmd þessa móts verið okkur flugvallarmönnum erfið og sendum við honum hér með kærar kveðjur og bestu

þakkir fyrir hjálpina. Einnig vil ég þakka Guðmundi Gíslasyni, formanni Skotfélags Reykjavíkur, fyrir liðlegheit og veitta aðstoð sem og Hannesi Tómassyni hjá sama félagi. Að endingu vil ég þakka öllum keppendum fyrir þátttökuna og vonast til að sjá ykkur öll á næsta móti.

*Friðrik K. Jónsson
Formaður íþróttadeildar LS
og stjórnarmaður í ÍSL*

Íþróttasamband Lögreglumanna

Norðurlandamót í skotfimi 2005 haldið dagana 29. ágúst – 2. sept.

Norðmenn buðu til NPM í skotfimi að þessu sinni, en samkv. reglum eigum við að halda næsta mót, en vegna aðstöðuleysis var ákveðið að Finnland tæki að sér næsta Norðurlandamót.

Mótið var haldið í og við Stjördal sem er skammt frá Þrándheimi, en áður hafði verið gengið frá gistingu fyrir keppendur og liðsstjóra á hervelli í Stjördal. Allur viðurgjörningur var í höndum norska hersins og var hann þokkalegur.

Þeir sem kepptu fyrir ÍSL voru þau:

Eiríkur Jónsson,
loft-, standard- og grófbysa
Jónas Hafsteinsson
loft- og frjálbsysa
Ingibjörg Ásgeirsdóttir
loftbysa
Kristína Sigurðardóttir
loftbysa
Jón S. Ólason, þjálfari
loftbysa
Sigurgeir Arnþórsson
loftbysa
Gissur Guðmundsson fararstjóri
Arinbjörn Snorrason liðstjóri

Lögreglustjórinn í Norðurlandamótum, Sigbjörn Bjerkem, setti mótið að morgni þriðjudagsins 30. sept. og í beinu framhaldi af því hófst keppni í loftbysu.

Öll aðstaða var til fyrirmyndar og kunnum við vinum okkar bestu þakkir fyrir undirbúning og skipulag.

Mótinu lauk síðan með kvöldverði og verðlaunaafhendingu að kvöldi fimmtudagsins 1.sept.

Úrslit mótsins:

Finnar stóðu með pálmann í höndunum eftir mótið, bæði í einstaklings- og liðakeppni.



Íþróttasamband Lögreglumanna

Okkar fólk var að standa sig svona þokkalega og má geta þess að Kristína var í 6. sæti í loftbyssu og var þar með komin í final í sínum flokki með 358 stig. Hún endaði síðan í 8. sæti í final með alls 448,7 stig.



Úrslit mótsins má nálgast á slóðinni:
<http://www.politiidrett.no/aktiviteter/aktiviteter.html>

Mótalisti 2006

Mót	Umsjón/mótsstaður	dags.
Landsmót:		
Öldungamót innanhússkn. (2005)	Reykjavík	
Landsmót í innanhússknattspyrnu	Keflavík	
Golf	Keflavík	
Öldungamót innanhússkn.	Hafnarfjörður	
Skotfimi	Reykjavík	
Norðurlandamót:		
Skíði	Finnland	20. – 24. mars
Handknattleikur	Svíþjóð	24. – 28. apríl
Judo og lyftingar	Danmörk	október
Evrópumót:		
Frjálsar íþróttir	Tékkland	25. – 28. maí
Maraþon	Tyrkland	nóvember
Önnur mót:		
Lögregluskólamót Norrænu sakamálabókarinnar	Reykjavík	27. – . 30. apríl

Íþróttasamband Lögreglumanna

Landsmót lögreglumanna í golfi 2005

Mótið fór fram í Vestmannaeyjum 20. ágúst sl. Alls tóku 16 manns þátt í mótinu og olli dræm þátttaka vonbrigðum mótshaldara en eflaust voru margar ástæður fyrir því að menn komust ekki til að taka þátt í mótinu.

Mótið fór fram í blíðskaparveðri og skartaði völlum og umhverfi hans sínu fegursta og var greinilegt að sumir þátttakendur gleymdu sér sökum fegurðar umhverfisins og varðspilamennskan kannski ekki eins góð og á öðrum völlum sem ekki hafa þá náttúrufergurð sem völlumurinn í Vestmannaeyjum hefur.

Mesta spennan var í A-flokki og réðust úrslit ekki fyrr en á 18. holu þar sem Húnboga Jóhannssyni tókst að innbyrða sigurinn en Óskar Halldórsson átti möguleika á sigri en misreiknaði 18. flötina og missti naumlega af sigri. Í B-flokki sigraði Sigvaldi Arnar Lárusson. Í C-flokki sigraði Heiðar Hinriksson. Í sveitakeppninni sigraði sveit lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Helstu úrslit voru eftirfarandi:

A-flokkur án forgjafar

1. Húnbogi Jóhannsson Andersen
Reykjavík - 2,2 74

2. Óskar Halldórsson
Keflavíkurflugvöllur - 4,9 78
3. Hilmar Theódór Björgvinsson
Keflavíkurflugvöllur - 2,8 79

B-flokkur án forgjafar

1. Sigvaldi Arnar Lárusson
Keflavík - 20,9 106
2. Tryggvi Kristinn Ólafsson
Vestmannaeyjar -24,4 107

C-flokkur án forgjafar

1. Heiðar Hinriksson
Vestmannaeyjar - 36,0 120
2. Gísli I. Þorsteinsson
Hafnarfjörður - 36,0 155

Öldungaflokkur (50 ára og eldri)

Enginn keppandi

Flokkur Heldrimanna (65 ára og eldri)

Enginn keppandi

Gestur:

Hildur Harðardóttir - 48,0 140

Sveitakeppni, 3ja manna sveitir

Embætti	Högg
1. Óskar Halldórsson	
Keflavíkurflugvöllur	78
Hilmar Theódór Björgvinsson	
Keflavíkurflugvöllur	79
Jóhannes Snævar Harðarson	

Keflavíkurflugvöllur 91
Samtals 248

2. Ásgeir Eiríksson
Keflavík 83
Gunnar Björnsson
Keflavík 90
Vignir Elísson
Keflavík 92
Samtals 265

3. Hjálmar Hallgrímsson
Keflavík 90
Trausti Freyr Jónsson
Keflavík 93
Sigvaldi Arnar Lárusson
Keflavík 106
Samtals 289

4. Gunnar Þór Pálsson
Vestmannaeyjar 89
Tryggvi Kristinn Ólafsson
Vestmannaeyjar 107
Heiðar Hinriksson
Vestmannaeyjar 120
Samtals 316

Lögreglumenn í Vestmannaeyjum, sem sáu um mótshaldið, þakka þeim sem tóku þátt í mótinu en ekki var annað að heyra á þeim sem tóku þátt en þeir hafi verið ánægðir með dvölinu í Eyjum.

Tryggvi Kristinn Ólafsson
Friðrik K. Jónsson

Stuttfréttir

Öldungamótið í innanhússknattspyrnu 2005

Mótinu var frestað í haust vegna þátttökuleysis en ÍFL Reykjavík ætlar að gera aðra tilraun í febrúar nk. Vonandi verður næg þátttaka þannig að mótið geti farið fram.

Landsmót í golfi og skotfimi

Stjórn ÍSL þakkar íþróttanefndunum í Vestmannaeyjum og Keflavíkurflugvelli fyrir mótshald á landsmótum í golfi og skotfimi. Mótin tókust vel til þó svo að þátttakan hefði mátt vera meiri.

Hafið þakkir fyrir.

Myndasýrpa



Þeir Þorgrímur Guðmundsson og Rúnar Sigurpálsson



Þorvaldur Sigmarsson



Davíð Guðbjartsson og Steinþór Hilmarsson



Lögregla á Akranesi, Lögregla í Reykjavík og slökkvilið höfuðborgarsvæðis.



Lögreglumaður í Reykjavík á brunavettvangi.



Lögreglumenn á Akranesi á slysavettvangi.

Gylfi Thorlacius hrl.

Tryggingamál lögreglumanna og breytingar á réttindum þeirra

Í Lögreglumanninum, 1. tbl. árið 2000, fjallaði ég nokkuð um rétt lögreglumanna til bóta vegna slysa eða annarra áverka í kjölfar átaka sem valda varanlegu tjóni.

Síðan þessi grein birtist hafa orðið nokkrar breytingar á réttindum lögreglumanna og kveðnir hafa verið upp dómur sem hafa skýrt réttarstöðuna.

Auk þess sem rétt er að vekja athygli á nýjum lögum um vátryggingasamninga, sem taka gildi um næstu áramót.

Helstu breytingar

Helstu breytingar sem orðið hafa eru þær að launþegatrygging sem var í sjálfsáhættu ríkissjóðs var sameinuð tryggingu sem Landsamband lögreglumanna og dómsmálaráðuneytið keyptu sameiginlega hjá tryggingafélagi. Í dag er þessi trygging keypt hjá Vátryg-

ingafélagi Íslands hf. og er tryggingataki dómsmálaráðuneytið. Jafnframt því að sameina trygginguna fékkst fram hækkun á höfuðstól hennar.

Óbreytt er ákvæði laga um að Tryggingastofnun ríkisins greiði eingreiðslu vegna vinnuslysa, sé örorka metin 10% eða hærrí.

Þá er óbreytt ákvæði um að ríkissjóður bæti tjón, sem lögreglumenn verða fyrir í starfi sbr. 30. grein laga 90/1996. Grundvallardómur varðandi túlkun á ákvæði 30. greinarinnar um bótarétt lögreglumanna gekk hins vegar á árinu 2001. Þar var staðfest af Hæstarétti að bótaskylda ríkissjóðs skv. 30. grein fæli í sér svokallaða hlutlæga ábyrgð á því tjóni sem lögreglumenn verða fyrir í starfi sínu. Í þessu felst að ekki þarf að vera til staðar sagnæm háttsemi af hálfu þriðja manns, sem leiðir til tjóns fyrir

lögreglumann til að bótaskylda skv. 30. grein verði virk. Sem dæmi má nefna að almennur ríkisstarfsmaður fengi væntanlega ekki bætur á grundvelli skaðabótalaga ef hann félli á svellbunka við vinnu sína. Lögreglumaður sem er að störfum, og fellur með sama hætti, á hins vegar bótarétt skv. skaðabótalögum á grundvelli 30. greinar lögreglulaga.

Ef um bótaskyldt umferðarslys er að ræða fást bætur úr ábyrgðar- eða ökumannstryggingu viðkomandi ökutækja en í því tilfalli kemur ekki til greiðslu bóta skv. lögreglulögum. Hafi lögreglumaður sjálfur keypt sérstaka slysastryggingu á hann bótarétt úr henni.

Vakin er sérstök athygli á því að heimilis- og fjölskyldutryggingar þar sem ákvæði er um örorkubætur gilda ekki þegar slys á sér stað í vinnutíma né vegna

Réttarstaða lögreglumanna sem slasast

Á töflunni hér að neðan má sjá helstu atvik sem upp geta komið varðandi bótarétt lögreglumanna.

Yþrlit bótaréttar	Tjónþoli slasast í lögreglubíl	Tjónþoli slasast við lögreglustörf	Tjónþoli slasast í frítíma
Slysatrygging keypt af dómsmálaráðuneyti	já	já	já
Tryggingastofnun ríkisins	já*	já*	nei
Ábyrgð ríkissjóðs skv. 30. gr. lögreglulaga	nei	já	nei
Ábyrgðartrygging bifreiðar	já	nei	já
Hefðbundin fjölskyldu/heimilistrygging	nei	nei	já
Sérstök slysatrygging	já	já	já

* ef varanleg læknisfræðileg örorka (miski) er metin 10% eða meiri.

Yfirlitið felur ekki í sér tæmandi talningu þeirra tilfella sem upp geta komið.

Slysatrygging keypt af dómismálaráðuneyti skv. samkomulagi við LL

Gildandi upphæðir slysatrygginga þeirra sem keyptar eru hjá Váttryggingafélagi Íslands eru sem hér segir:

Dánarbætur	Enginn á framfærslu	Börn eða foreldrar	Maki	Viðbót pr. barn
	1.441.012 kr.	4.565.863 kr.	6.235.458 kr.	1.198.931 kr.
Örorkubætur *	Örorkub. grunnfjárh.	v/100% örorku		
	10.908.970 kr.	24.545.236 kr.		

* Bætur fyrir varanlega læknisfræðilega örorku greiðast í hlutfalli við grunnfjárhæð þó þannig að hvert læknisfræðilegt örorkustig 26 - 50% vegur tvöfalt og hvert læknisfræðilegt örorkustig 51 - 100% vegur þrefalt.

Slysatrygging sú, sem nú er í gildi hjá Váttryggingafélagi Íslands greiðir einungis bætur vegna metinnar varanlegrar læknisfræðilegrar örorku (miska) miðað við höfuðstól tryggingarinnar sem lýst er hér að framan.

slyss sem verður af völdum ökutækis.

Þá er rétt að benda á að sum tryggingafélög hafa nú í skilmálum sínum um heimilis- og fjölskyldutryggingar ákvæði sem takmarkar mjög bótaskyldu og í sumum tilfellum eru ekki greiddar bætur nema varanleg læknisfræðileg örorka (miski) nái að minnsta kosti 15 %. Sama gildir um tryggingaskilmála ferðatrygginga sem Visa og Eurocard auglýsa. Samkvæmt þeim tryggingum eru engar bætur greiddar fyrir en við 16% örorkustig.

Er rétt að benda sérstaklega á þetta þar sem margir standa í þeirri trú að heimilistryggingar og greiðslukortatryggingar veiti góða tryggingavern, en staðreyndin er sú að verulegt tjón þarf að hafa orðið til að 15 % varanleg læknisfræðileg örorka (miski) sé metin.

Réttur til bóta í frítímaslysum

Slysatrygging sú sem keypt er af dómismálaráðuneytinu hjá Váttryggingafélagi Íslands gildir allan sólarhringinn og eru bætur greiddar úr þessari tryggingu hvort sem um frítímaslys eða slys í vinnutíma er að ræða.

Rétt er þó að vekja athygli á því að lögreglumáður sem hefur með höndum aukastarf hjá öðrum

launagreiðanda nýtur ekki bótaréttar úr tryggingunni slasist hann við þessa aukavinnu sína.

Hann ætti hins vegar rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga auk launþega- og ábyrgðartrygginga sama aðila.

Vinna í eigin þágu sem ekki er arðbær, t.d. minni háttar vinna við eigið húsnæði, hefur ekki áhrif á gildi tryggingarinnar.

Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skv. almannatryggingalögum

Bætur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna vinnuslysa greiðast ef 10% örorka eða meira er metin og er í formi eingreiðslu ef örorkan er metin á bilinu 10 – 49% en mánaðargreiðslur ef örorkan er 50% eða hærri.

Þessar bætur reiknast í hverju einstöku tilviki og eru meðal annars miðaðar við aldur.

Sjúkrakostnaður vegna vinnuslysa greiðist af Tryggingastofnun ríkisins. Sú verklagsregla hefur myndast að viðkomandi embætti hefur séð um greiðslu á kostnaðinum og innheimtir hann síðan hjá Tryggingastofnun.

Bætur skv. 30. gr. lögregluglaga og úr ábyrgðartryggingu bifreiðar

Uppgjör á bótum samkvæmt 30. gr. laga nr. 90/1996 um lögreglumenn fer eftir ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Bætur fyrir tjón samkvæmt skaðabótalögum skiptast í nokkra þætti. Í fyrsta lagi geta menn átt rétt á bótum fyrir tímabundið tekjutap, hafi þeir tapað launum vegna slyssins. Í öðru lagi geta menn átt rétt á þjáningabótum fyrir þann tíma sem þeir eru rúmliggjandi í kjölfar slyss og síðan þann tíma sem þeir eru metnir veikir án þess að vera rúmliggjandi fram til þess tíma sem ekki er að vænta frekari bata.

Í þriðja lagi geta menn átt rétt á bótum fyrir varanlegan miska, en miski telst vera ófjárhagslegt tjón svo sem óþægindi og lýti, sem tjónþoli verður fyrir vegna slyssins. Varanlegur miski er metinn í prósentustigum og greiðist sem hlutfall af fastri viðmiðunarfjárhæð skaðabótalaga, sem í september 2005 er kr. 5.840.500.- miðað við 100% miska. Þessi tala breytist í samræmi við vísitölu.

Í fjórða lagi geta menn átt rétt á bótum fyrir varanlega fjárhagslega örorku, en þá er metið hvort slysið muni skerða getu tjónþola

til að afla sér tekna í framtíðinni. Útreikningur á bótum fyrir varanlega örorku fer eftir aldri tjónþola og tekjum hans sl. þrjú tekjuár fyrir slysið.

Til frádráttar þessum bótum koma greiðslur úr slysaftryggingu keyptri af vinnuveitanda og greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ákvæði skaðabótalaga gilda einnig um uppgjör bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækja.

Ýmis atriði sem hafa þarf í huga

Rétt er að taka fram að eingreiðslur úr slysaftryggingu og eingreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, svo og þjáningabætur, miskabætur og bætur fyrir fjárhagslega örorku eru ekki skattskyldar en það þarf að gera grein fyrir þeim á skattframtali.

Það athugist að framangreindar upplýsingar eru ekki tæmandi og vísast til skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum um frekari útlistanir.

Fyrningaréttur bótakrafna er í dag ýmist 4 eða 10 ár og þarf að athuga hvert einstakt tilvik fyrir sig þegar metið er hvort tjón er fyrnt.

Þegar ný lög um vátryggingasamninga taka gildi um næstu áramót verður sú meginbreyting að tilkynna verður tjón innan eins árs frá því að tjónþoli gerir sér grein fyrir að tjón hafi orðið. Mega menn því búast við því að missa bótarétt tilkynni þeir ekki um slys og áverka sína innan þess tímamarks.

Bætur vegna minni háttar áverka eða slysa sem ekki valda tekjutapi bætast eftir því hversu alvarlegur áverkinn er.

Bætur vegna munatjóns

Þegar tjón verður á munum greiðist það af viðkomandi embætti, en sanna verður að tjónið megi rekja til starfa viðkomandi hjá lögreglunni.

Í framkvæmd hefur það oft reynst erfiðleikum bundið að sanna að slíkt tjón sé að rekja til lögreglustarfsins, t.d. þegar bifreiðar lögreglumanna hafa orðið fyrir skemmdum og grunur hefur vaknað um hefndaraðgerðir í garð

viðkomandi vegna starfa hans sem lögreglumanns.

Hvaða ráðstafanir ber að gera þegar tjón verður

- Þegar vinnuslys ber að höndum er rétt að hafa samband við Landssamband lögreglumanna og afla upplýsinga um rétt sinn.
- Nauðsynlegt er að tryggja að yfirmaður tilkynni Tryggingastofnun ríkisins um slysið.
- Brýnt er að málið sé rannsakað og gerð um það lögregluskýrsla.
- Tilkynna þarf slys til viðkomandi vátryggingafélaga á sérstökum eyðublöðum. Frá og með áramótum þarf tilkynning að berast innan eins árs eins og fyrr segir.
- Lögmannaástoð er í flestum tilfellum nauðsynleg þar sem öflun allra nauðsynlegra gagna, svo sem læknisvottorða og örorkumats, og útreikningur tjóns getur kallað á sérfræðipækkingu. Á það skal bent að lögmanskostnaður greiðist að mestu leyti, ásamt útlögðum kostnaði vegna gagna þeirra sem nauðsynlegt er að afla, af viðkomandi tryggingafélagi þegar um er að ræða tjón sem falla undir ákvæði skaðabótalaga.
- Í þeim tilfellum þegar einungis er um að ræða bætur úr slysaftryggingu greiðist lögmanskostnaður ekki af tryggingafélagi. Hins vegar er sá kostnaður óverulegur miðað við þá hagsmuni sem í húfi eru, en sjálfsagt er að afla sér upplýsinga um kostnað fyrir fram.

Í grein minni sem birtist árið 2000 var vikið að ágreiningi við Tryggingastofnun ríkisins um bótaskyldu vegna slysa sem lögreglumenn verða fyrir t.d. við knattspyrnuæfingar sem skipulagðar eru af einstökum lögreglufélögum.

Þrátt fyrir ákvæði í kjarasamningi LL við ríkissjóð, um að lögreglumenn skuli teljast vera við vinnu á þessum æfingum, hafnaði Tryggingastofnun bótaskyldu á þeim grundvelli að slíkt slys teljist ekki til vinnuslysa í skilningi

almannaftryggingalaga. Málunum var skotið til dómstóla og sýknaði Hæstiréttur Tryggingastofnun og ríkissjóð af bótakröfum þar sem Hæstiréttur taldi ríkissjóð ekki hafa skuldbundið sig til greiðslu slysabóta skv. almannaftryggingalögum.

Þegar réttarstaða lögreglumanna á þessu sviði er skoðuð er ljóst að þeir njóta mjög góðrar tryggingaverndar við störf sín, enda hefur reynslan sýnt að það er nauðsynlegt að þeir séu vel tryggðir vegna þeirra verkefna sem þeim eru falin. Þessi réttarvernd er afrakstur áralangs starfs fyrisvarsmanna Landssambands lögreglumanna og annarra sem að þessum málum hafa komið.

Rétt er að brýna það fyrir þeim sem verða fyrir áverkum eða tjóni, að með gildistöku nýrra laga um vátryggingasamninga verður enn brýnna en áður að tjón sé tilkynnt og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar sem fyrst eftir að atvik á sér stað. Að öðrum kosti er hætta á að réttur geti glatast.

Óski lögreglumenn frekari upplýsinga geta þeir fengið þær hjá undirrituðum eða öðrum lögmönnum skrifstofunnar í síma 520 5800 eða með fyrirspurn í tölvupósti á gylfi@fortis.is.

Gylfi Thorlacius hrl.

Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi:

Hvammstangi

Aðaltak sf, Höfðabraut 11
B. Ástvaldur Benediktsson ehf., Melavegi 2

BLÖNDUÓS

“Krákur ehf, verslun, smíðar og verktakar”,
Melabraut 21
Lögmannsstofa Stefáns Ólafs ehf.,
Húnabraut 19
Stéttarfélagið Samstaða, Þverbraut 1
Stígandi ehf., Húnabraut 29

SAUÐÁRKROKUR

Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga,
Freyjugötu 9
Hesturinn, Sæmundargötu 3
Héraðsdómur Norðurlands vestra,
Skagfirðingabraut 21
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak hf, Borgartúni 1
S.E. verktakar, Raftahlíð 76
Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22

SIGLUFJÖRÐUR

Allinn ehf- sportbar, Þormóðsgötu 11-15
J.E. Vélaverkstæði, Gránugötu 13
Jóhannes Egilsson, Gránugötu 13
Sparisjóður Siglufjarðar, Túngötu 3

AKUREYRI

Aðstoð sf., Frostagötu 2c
Arnarfell ehf. verktakar, Sjafnarnesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf., Frostagötu 2a
Bifreiðastöð Oddeyrar, Strandgata
Bláa kannan, Hafnarstræti 96
Blikk og tækniþjónustan hf., Kaldbaksgötu 2
Bæjarverk hf., Óseyri 20
G.V. gröfur ehf., Óseyri 2
Greifinn hf., Glerárgötu 20
Héraðsdómur Norðurlands eystra,
Hafnarstræti 107
Húsbílar ehf., Njarðarnesi 2
Kaffi Torg, Glerártorgi
Litla kaffistofan, Bjarnastíg 5
Lostæti ehf., Naustatanga 1 box 234
Lögmannsstofa Hreins Pálssonar,
Gránufélagsgötu 4
Lögmannsstofan ehf., Strandgötu 29
Lögmannsstofan Lögmannshlíð, Ráðhústorgi 3
Malbikun KM, Flögusiðu 2
Raf - Óseyri ehf, Óseyri 6
Rafmenn ehf., Fjölnisgötu 2b
Rafós sf., Skipagötu 14
Raftákn ehf., Glerárgötu 34
S.S. byggir ehf., Kaldbaksgötu 1

Sandblástur og málmhúðun hf., Árstíg 6
Sjóbúðin ehf., Laufásgötu 1
Sparisjóður Norðlendinga, Skipagötu 9
Straumrás hf., Furuvöllum 3
Tréborg ehf., Furuvöllum 1
Trukkurinn ehf, Hjalteyrargötu 8
Vaxtarræktin ehf -Ípóttahöllinni, v/ Skólastíg
Véla-og Stálsmiðjan ehf., Gránufélagsgötu 47
Vélar og stál sf., Draupnisgötu 7-1

GRENIVÍK

Sparisjóður Höfðhverfinga, Ægissíðu 7

DALVÍK

“B.H.S. ehf, bíla- og vélaverkstæði”, Fossbrún 2
Dalverk ehf., Sandskeiði 22
Jarðverk hf., Mýrarvegi 2
Sparisjóður Svarfdæla, Ráðhúsinu
Steyppstöðin Dalvík ehf., Sunnubraut 11

ÓLAFSJÖRÐUR

Árni Helgason ehf, Hlíðarvegi 54
Garðar Guðmundsson, Brekkugötu 25
Sýslumaðurinn á Ólafsfirði, Ólafsvægi 3

HÚSAVÍK

Bilaleiga Húsavíkur ehf., Garðarsbraut 66
Heimabakarí, Garðarsbraut 15
Langanes hf., Skólagarði 6
Steinsteypir hf., Hafnalæk II
Sýslumaðurinn á Húsavík, Útgarði 1
Veitingahúsið Salka, Garðarsbraut 6
Vélaverkstæðið Árteigi,
Árteigur Ljósavattshrepp
Vikurraf ehf., Héðinsbraut 4

RAUFARHÖFN

Véla- og trésmiðja SRS ehf., Aðalbraut 16-22

ÞÓRSHÖFN

B.J. Vinnuvélar ehf., Hálsvegi 2

VOPNAFJÖRÐUR

Verktakafyrirtækið Ljósaland hf., Háholti 3

EGILSSTAÐIR

Ársverk ehf, Mánatröð 4
Bilaverkstæði Borgþórs ehf., Miðási 2
Bólholt hf., Lagarfélli 10
Eskfirðingur hf., Furuvellir 4
G. Ármannsson ehf., Ártröð 12
Hagverk ehf, Bjarkargrund 1
Héraðsverk ehf., Miðási 19
Hitaveita Egilsstaða og Fella, Einhleypingi 1
Lögmannstofan Regula, Kaupvangi 2
Malarvinnslan hf., Miðási 11

Miðás hf., Miðási 9
Snarvíki hf., Miðási 11
Trésmiðja Guðna Þórarinnssonar, Mássel
Verslunarmannafélag Austurlands, Miðvangi 2-4
Ökuskoli austurlands, Háafelli 4a

SEYÐISFJÖRÐUR

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi,
Garðarsvegi 6
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði, Bjólfsgötu 7
Vélsmiðjan Stálstjörnur, Fjarðargötu 1
Þvottatækni ehf., Strandavegi 21

REYÐARFJÖRÐUR

Kjótkaup hf, Óseyri 1
Trévangur hf., Búðareyri 15

ESKIFJÖRÐUR

Bilaverkstæði Ásbjörns, Útkaupstaðarbraut 2
Lögmannstofa Gísla M. Auðbergssonar,
Strandgötu 53
Viðhald fasteigna, Strandgötu 50

NESKAUPSTAÐUR

Aldan NK-28 ehf., Starmýri 5
G.T. ehf - Verslunin Vík, Egilsbraut 6
Haki hf., Þiljuvöllum 10
Rauða torgið ehf, Egilsbraut 19

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Vöggur ehf., Grímseyri 11

DJÚPIVÖGUR

Djúp ehf, Borgarlandi 9
Salar Íslandica ehf, Bakka 1

HÖFN

Krossey hf., Vesturbraut 5
Skeggy ehf., Miðósi 17
Sýslumaðurinn á Höfn í Hornarfirði,
Hafnarbraut 36

SELFOSS

Árvirkinn ehf., Eyravegi 32
Básinn - veitingastaður, Efstalandi
Bilaþjónusta Péturs ehf., Vallholti 17
Bókaútgáfan Björk, Birkivöllum 30
Byggingafélagið Drifandi ehf, Gagnheiði 55
Byggingafélagið Laski ehf., Bakkaþjörn 7
Byggingafélagið Árborg ehf., Bankavegi 5
Fasteignasalan Bakki ehf., Sigtúni 2
Holræsa- og stíflupjónusta suðurlands ehf.,
Miðtúni 14
Klettur veitingabúð, Reykholti Biskupstungum
Litla kaffistofan ehf,
Lögmenn Suðurlandi ehf., Austurvegi 3

Málflutningskrifstofan ehf, Austurvegi 6
Meindýravarnir Suðurlands ehf., Gagnheiði 59
Nesey ehf., Suðurbraut 7
Rafmagnsverkstæði Jens Péturs, Laugarás 1
Raföld ehf., Grósteini Ölfusi
S.G. hús hf., Austurvegi 69
Set ehf., Eyravegi 41
Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð,
Heimahaga 3

HVERAGERÐI

Heilsustofnun N.L.F.Í., Grænumörk 10
J.S.K. bifreiðaverkstæði ehf., Austurmörk 16c

ÞORLÁKSHÖFN

Humarvinnslan hf., Unubakka 42-44
Rafgull ehf., Selvogsbraut 4
Steinsteypusögum Snæfelds ehf., Egilsbraut 10

STOKKSEYRI

Kumbaravogur ehf., Kumbaravogi

LAUGARVATN

Ásvélar ehf., Hrísholti 11

FLÚÐIR

Áhaldahúsið Steðji, Smiðjustíg 2
Flúðafiskur, Borgarás
Flúðasveppir ehf., Undirheimum

HELLA

Heflun ehf. Verktakajónusta, Lyngholti
Kökuval ehf., Þingskálum 4

HVOLSVÖLLUR

Jón og Tryggvi hf., Ormsvöllum 3
Steinasteinn ehf, Ormsvöllum 1
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli, Austurvegi 6

VÍK

Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1

VESTMANNAEYJAR

Bifreiðaverkstæði Muggs, Strandvegi 65
Bilaverkstæði Sigurjóns, Flötum 20
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Gæfa ehf, Illugagötu 7
Pétursey ehf, Flötum 31
Reynistaður ehf., Vesturvegi 10
Skýlið ehf., Friðarhöfn
Stígandi hf., Básaskersbryggju 3
Tölvun ehf, Strandvegi 54
Vélaverkstæðið Þór hf., Norðursundi 9
Vinnustöðin hf., Hafnargötu 2
Vöruval ehf., Vesturvegi 18

Landssamband lögreglumanna

Launatafla nr **609** Númer **07**
 Gildir frá **01.01.2006**

Hlutfall yfirvinnu af mánaðarlaunum er 1.0385%
 Full desemberuppbót er 45,000
 Full orlofsuppbót er 22,400

Prepareikningur launaf. Bxx:
 1. Prep Yngri en 30 ára
 2. Prep frá 30 ára aldri (vm.prep dagvinnu)
 3. Prep frá 35 ára aldri
 4. Prep frá 40 ára aldri
 5. Prep frá 45 ára aldri

Prepareikningur launaf. Axx:
 1. Prep Yngri en 25 ára
 2. Prep frá 25 ára aldri
 3. Prep frá 30 ára aldri (vm.prep dagvinnu)
 4. Prep frá 35 ára aldri
 5. Prep frá 40 ára aldri
 6. Prep frá 45 ára aldri

Prepareikningur launaf. Cxx:
 1. Prep Yngri en 40 ára (vm.prep dagvinnu)
 2. Prep frá 40 ára aldri
 3. Prep frá 45 ára aldri

Tímavinna

Launaflokkur	Mánaðarlaun						Dagvinna	Dagvinna eftirlæga	Vaktaálag 33.33%	Vakatálag 55%	Vakatálag 90%
	prep	1	2	3	4	5	6				
A01	127,650	131,508	135,483	137,515	139,578	141,672	833.22	871.28	277.71	458.27	749.90
A02	131,508	135,483	139,578	141,672	143,797	145,954	858.40	897.62	286.10	472.12	772.56
A03	135,483	139,578	143,797	145,954	148,143	150,365	884.35	924.74	294.75	486.39	795.92
A04	139,578	143,797	148,143	150,365	152,620	154,909	911.08	952.69	303.66	501.09	819.97
A05	143,797	148,143	152,620	154,909	157,233	159,591	938.61	981.48	312.84	516.24	844.75
A06	148,143	152,620	157,233	159,591	161,985	164,415	966.98	1,011.15	322.29	531.84	870.28
A07	152,620	157,233	161,985	164,415	166,881	169,384	996.21	1,041.71	332.04	547.92	896.59
A08	157,233	161,985	166,881	169,384	171,925	174,504	1,026.32	1,073.20	342.07	564.48	923.69
A09	161,985	166,881	171,925	174,504	177,122	179,779	1,057.34	1,105.64	352.41	581.54	951.61
A10	166,881	171,925	177,122	179,779	182,476	185,213	1,089.30	1,139.06	363.06	599.12	980.37
A11	171,925	177,122	182,476	185,213	187,991	190,811	1,122.23	1,173.49	374.04	617.23	1,010.01
A12	177,122	182,476	187,991	190,811	193,673	196,578	1,156.14	1,208.95	385.34	635.88	1,040.53
A13	182,476	187,991	193,673	196,578	199,527	202,520	1,191.09	1,245.50	396.99	655.10	1,071.98
A14	187,991	193,673	199,527	202,520	205,558	208,641	1,227.09	1,283.14	408.99	674.90	1,104.38
A15	193,673	199,527	205,558	208,641	211,771	214,948	1,264.18	1,321.93	421.35	695.30	1,137.76
A16	199,527	205,558	211,771	214,948	218,172	221,445	1,302.39	1,361.89	434.09	716.31	1,172.15
B01	164,415	166,881	169,384	171,925	174,504		1,026.32	1,073.20	342.07	564.48	923.69
B02	169,384	171,925	174,504	177,122	179,779		1,057.34	1,105.64	352.41	581.54	951.61
B03	174,504	177,122	179,779	182,476	185,213		1,089.30	1,139.06	363.06	599.12	980.37
B04	179,779	182,476	185,213	187,991	190,811		1,122.23	1,173.49	374.04	617.23	1,010.01
B05	185,213	187,991	190,811	193,673	196,578		1,156.14	1,208.95	385.34	635.88	1,040.53
B06	190,811	193,673	196,578	199,527	202,520		1,191.09	1,245.50	396.99	655.10	1,071.98
B07	196,578	199,527	202,520	205,558	208,641		1,227.09	1,283.14	408.99	674.90	1,104.38
B08	202,520	205,558	208,641	211,771	214,948		1,264.18	1,321.93	421.35	695.30	1,137.76
B09	208,641	211,771	214,948	218,172	221,445		1,302.39	1,361.89	434.09	716.31	1,172.15
B10	214,948	218,172	221,445	224,767	228,139		1,341.76	1,403.05	447.21	737.97	1,207.58
B11	221,445	224,767	228,139	231,561	235,034		1,382.32	1,445.46	460.73	760.28	1,244.09
B12	228,139	231,561	235,034	238,560	242,138		1,424.10	1,489.15	474.65	783.26	1,281.69
B13	235,034	238,560	242,138	245,770	249,457		1,467.14	1,534.16	489.00	806.93	1,320.43
B14	242,138	245,770	249,457	253,199	256,997		1,511.49	1,580.53	503.78	831.32	1,360.34
B15	249,457	253,199	256,997	260,852	264,765		1,557.17	1,628.30	519.00	856.44	1,401.45
B16	256,997	260,852	264,765	268,736	272,767		1,604.24	1,677.52	534.69	882.33	1,443.82
B17	264,765	268,736	272,767	276,859	281,012		1,652.73	1,728.22	550.85	909.00	1,487.46
B18	272,767	276,859	281,012	285,227	289,505		1,702.68	1,780.46	567.50	936.47	1,532.41
B19	281,012	285,227	289,505	293,848	298,256		1,754.15	1,834.27	584.66	964.78	1,578.74
C01	185,213	187,991	190,811				1,139.06	1,173.49	379.65	626.48	1,025.15
C02	193,673	196,578	199,527				1,191.09	1,227.09	396.99	655.10	1,071.98
C03	202,520	205,558	208,641				1,245.50	1,283.14	415.13	685.03	1,120.95
C04	211,771	214,948	218,172				1,302.39	1,341.76	434.09	716.31	1,172.15
C05	221,445	224,767	228,139				1,361.89	1,403.05	453.92	749.04	1,225.70
C06	231,561	235,034	238,560				1,424.10	1,467.14	474.65	783.26	1,281.69
C07	242,138	245,770	249,457				1,489.15	1,534.16	496.33	819.03	1,340.24
C08	253,199	256,997	260,852				1,557.17	1,604.24	519.00	856.44	1,401.45
C09	264,765	268,736	272,767				1,628.30	1,677.52	542.71	895.57	1,465.47
C10	276,859	281,012	285,227				1,702.68	1,754.15	567.50	936.47	1,532.41
C11	289,505	293,848	298,256				1,780.46	1,834.27	593.43	979.25	1,602.41
C12	302,730	307,271	311,880				1,861.79	1,918.06	620.53	1,023.98	1,675.61
C13	316,558	321,306	326,126				1,946.83	2,005.67	648.88	1,070.76	1,752.15
C14	331,018	335,983	341,023				2,035.76	2,097.29	678.52	1,119.67	1,832.18
C15	351,330	356,600	361,949				2,160.68	2,225.99	720.15	1,188.37	1,944.61
C16	372,889	378,482	384,159				2,293.27	2,362.58	764.35	1,261.30	2,063.94
C17	395,770	401,707	407,733				2,433.99	2,507.56	811.25	1,338.69	2,190.59

Umsamdar hækkunar:

Ný tafla 01052006

2,90% 01012007

2,50% 01012008

Dagpeningar og akstursgjald innanlands

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið dagpeninga til greiðslu gisti- og fæðiskostnaðar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands á vegum ríkisins sem hér segir:

Dagpeningar ríkisstarfsmanna á ferðalögum innanlands.

1. Gisting og fæði í einn sólarhring	kr.	14.300
2. Gisting í einn sólarhring	„	8.300
3. Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	„	6.000
4. Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	„	3.000

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. október 2005.

Akstursgjald ríkisstarfsmanna:

Almennt gjald	Kr.	62.00	pr. km.
Fyrstu 10.000 km			
Frá 10.000 til 20.000 km	-	56.00	-
Umfram 20.000 km	-	49.50	-
Sérstakt gjald			
Fyrstu 10.000 km	-	71.30	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	64.40	-
Umfram 20.000 km	-	56.92	-
Torfærugjald			
Fyrstu 10.000 km	-	89.90	-
Frá 10.000 til 20.000 km	-	81.20	-
Umfram 20.000 km	-	71.77	-

Dagpeningar erlendis:

Almennir dagpeningar	Gisting	Annað	Samtals	
London, New York, Washington DC og Tokio	SDR	145	110	255
Annars staðar	SDR	110	100	210
Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa.				
London, New York, Washington DC og Tokio	SDR	93	70	163
Annars staðar	SDR	70	64	134

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. október 2005.

Ákvörðun þessi gildir frá og með 1. júní 2004.

Starfaflokkar

1. Afleysingamaður	A-1	5. Aðstoðarvarðstjóri/sérsvartarmenn	Við 5 ára starfsaldur	B-9	
		Grunnröðun	Við 10 ára starfsaldur	B-10	
2. Héraðslögreglumaður		Við 5 ára starfsaldur	B-8	Við 13 ára starfsaldur	B-11
Grunnröðun	A-4	Við 10 ára starfsaldur	B-9		
		Við 15 ára starfsaldur	B-10	8 og 9 Aðalvarðstjóri / lögreglufulltrúi	
3. Lögreglunemi				Grunnröðun	B-10
Grunnröðun	A-4	6. Rannsóknarlögreglumaður	Við 5 ára starfsaldur	B-11	
		Grunnröðun (rlm 2)	Við 10 ára starfsaldur	B-12	
4. Lögreglumaður		Við 3 ára starfsaldur	B-8	Við 13 ára starfsaldur	B-13
Grunnröðun	A-8	Við 5 ára starfsaldur	B-9		
Við 5 ára starfsaldur	A-11	Við 10 ára starfsaldur	B-10	10. Aðstoðaryfirlögregluþjónn	
Við 10 ára starfsaldur	A-14	Við 13 ára starfsaldur	B-11	Grunnröðun	C-15
Við 15 ára starfsaldur	A-16				
		7. Varðstjóri		11. Yfirlögregluþjónn	
		Grunnröðun	B-8	Grunnröðun	C-16



Gísli B. / EFLUR / SKOP

Svo í borg sé leggjandi!

Einkabílum hefur fjölgað gríðarlega á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Þessi fjölgun er örari en svo að aukning bílastæða, sérstaklega í miðborginni, dugi til. Aukinni þörf fyrir að leggja bílum á miðborgarsvæðinu verður að svara með tvennum hætti: Annars vegar með **staðisvali ökumanns** í samræmi við erindi og tíma. Hins vegar með **fjölgun bílastæða** og **breyttri gjaldskrá** sem m.a. skapar fleiri vel staðsett skammtímaæði.

Bílastæðasjóður kynnir **breytingar á bílastæðum í miðborginni**. Markmiðið er að mæta þörfum vegfarenda til að stæðin og tíminn nýtist þeim betur.

- Skammtímaæðum á svæðinu hefur verið **fjölgað um 187**.
- **Gjaldsvæðin eru þrjú** (sjá mynd). Dýrara er að leggja við aðalgötur en ódýrara eftir því sem fær dregur.
- Mælur taka fleiri mynttegundir. Bæði miða- og stöðumælur taka nú **10, 50 og 100 kr. mynt**.



NÝJUNG!

